



Tjúttað í hálföld

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

38. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 23. FEBRÚAR 2023



Hópur fólks hlýðir á erindi á Austurvelli í gær þar sem útlendingafrumvarpi dómsmálaráðherra var mótmælt. Að mótmælunum standa ýmis grasrótarsamtök eins og No Borders, Fellum frumvarpið og Refugees in Iceland.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TÍMAMÓT 16



Tíu ár sem formaður

MENNING 19



Handboðar í Hafnarhúsi

LÍFIÐ 22



Svarta rósín blómstrar

Álagning á bensín hærrí hér á landi

NEYTENDUR Álagning á bensín og dísilolíu er umtalsvert hærrí hér á landi en í Bretlandi og Írlandi. Costco virðist ekki veita eins mikla samkeppni og áður.



Hlutur olíufélaga af seldum lítra hefur hækkað úr 30 krónum í 70 frá maí 2022.

Þetta kemur fram í nýlegri úttekt Samkeppniseftirlitsins á eldsneytismarkaðnum hér á landi.

Fram kemur í úttektinni að hlutur olíufélags af hverjum seldum lítra hefur rúmlega tvöfaldast frá því í maí 2022. Hann hafi farið úr röskum 30 krónum í meira en 70 krónur.

SJÁ SÍÐU 8

Aldrei meiri fiskadauði

Afföllin í fiskeldinu á Íslandi voru um 19 prósent á síðasta ári, sem er nærri 27 prósentum meira en gerist í norsku sjókvíald.



Öll áherslan er á vöxt greinarinnar.

ser@frettabladid.is

FISKELDI Fleiri fiskar drápuast í sjókvíaldi hér á landi í fyrra en nokkru sinni. Þetta staðfesta tölur úr mælaborði fiskeldis hjá Matvælastofnun. Tjónið stafar meðal annars af vetrarsárum, líffærabílun og smitsjúkdómum – og var talsvert meira en metárið 2021.

Jón Kaldal, talsmaður Íslenska náttúruverndarsjóðsins, segir dæmi um að einn af hverjum þremur eld-islöxum í sjókvíum hér við land hafi drepist í vetrarveðrum fyrir vestan í janúar og febrúar í fyrra.

Nú í desember hafi lúsasmit í sumum sjókvíum verið svo hrika-



Jón Kaldal

legt að viðlíka tölur hafi aldrei áður sést, segir Jón og gagnrýnir stjórnvöld. „Öll áherslan er á vöxt greinarinnar, fremur en velferð fiskanna.“

Jens Garðar Helgason, aðstoðarforstjóri Laxa hf. á Austurlandi, viðurkennir að vaxtarverkir hafi fylgt hraðri uppbyggingu í greininni, en leitað hafi verið til færustu sérfræðinga í heimi til að lágmarka tjón og það sé að skila sér.

„Varnir hafa verið bættar og aðgreining aukin á milli kvía,“ segir Jens Garðar.

Afföllin í fiskeldinu á Íslandi voru um 19 prósent á síðasta ári, sem er nærri 27 prósentum meira en gerist í norsku sjókvíaldi, „sem þykir algerlega óásættanlegt þar í landi,“ segir Jón Kaldal og kveðst ekki treysta fiskeldisfyrirtækjunum sjálfum til að gera nauðsynlegar úrbætur.

SJÁ SÍÐU 4

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



STUNDUM ER BETRA AÐ LEIGJA

Við erum með réttu steypumótin í öll verk



Adam Ásgeir er í hópi þeirra sem koma að verkefninu.

Hundrað tölur úr VMA til Afríku

bth@frettabladid.is

AKUREYRI Eitt hundrað tölur sem hafa verið notaðar við kennslu í Verkmenntaskólanum á Akureyri fá bráðlega nýtt hlutverk í skólanum Ecole ABC de Bobo í Bobo-Dioulasso í Búrkiná Fasó.

Á vef skólans kemur fram að ABC barnahjálpi á Íslandi hafi lagt sitt af mörkum við starf í skólanum sem er leik-, grunn- og framhaldsskóli. Forstöðumenn skólans eru íslenskir, Hinrik Þorsteinsson og Guðný Ragnhildur Jónasdóttir.

Jóhanna S. Norðfjörð og Haraldur Pálsson á Akureyri, eigendur pípu-lagningafyrirtækisins Afeitunnar, hafa alls farið í sjö ferðir til Bobo-Dioulasso og fóru fyrir skemmstu ásamt fleirum, þar á meðal Adam Ásgeiri Óskarssyni, fyrrverandi kennara og kerfisstjóra við VMA.

Flestar tölurnar úr VMA eru 5-6 ára gamlar HP-, Lenovo- og Dell-tölur, minnið í þeim hefur verið stækkað. ■

[sjá nánar á fréttablaðið.is](#)

Glöð og grímuklædd



Pótt þessi grímuklæddi krakkaskari í Kringlunni hafi haft í nógu að snúast þá gafst þó tími til að staldra við og draga fram ljómandi falleg brosur fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins. Þrátt fyrir auknar vinsældir hrekkjavökkunnar á Íslandi þá heldur hinn séríslenski öskudagur enn velli, uppfullur af söng. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mikil aukning í ölvunarakstri milli ára

kristinnpall@frettabladid.is

LÖGREGLAN Tvöfalt fleiri voru teknir ölváðir undir stýri í janúar en mánuðinn áður á yfirráðasvæði lögreglustöðvar tvö á höfuðborgarsvæðinu, sem nær til Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Álftaness. Einnig mældist talsverð aukning hjá lögreglunni í Kópavogi og Breiðholti en tilfelling fækkaði í miðborginni. Þetta kemur fram í skýrslu lögreglunnar yfir afbrotatölfræði í janúar.

Alls voru 96 brot skráð í mánuðinum þar sem ökumaður er grundaður um ölvun við akstur. Af því mældist tæplega helmingur brotanna á svæði lögreglustöðvar 1 sem nær til miðborgarinnar, eða 46 brot. Í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi voru 26 teknir ölváðir undir stýri, sem er tvöföldun frá mánuðinum áður þegar þrettán voru teknir



Það mældist 74,5 prósent aukning í brotum vegna ölvunaraksturs frá janúar í fyrra.

ölváðir undir stýri. Þá var heilt yfir 74,55 prósent aukning í ölvunarakstursbrotum á höfuðborgarsvæðinu frá því í janúar á síðasta ári. Annað sem vekur athygli er að fikniefnabrotum heldur áfram að fækka. Alls voru 47 fikniefnabrot skráð í janúarmánuði en til samanburðar voru 117 brot skráð í maí og 96 í október síðastliðinn. Af þessum 47 fikniefnabrotum var aðeins eitt sem telst stórfellt. ■

Halda risastóra þrjónahátíð

Garnival verður haldið í fyrsta sinn sunnudaginn 5. mars í samkomusal Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði. Sex konur bera þungann af hátíðinni en þrjónaskapur er í miklum blóma, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

jonthor@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Það er mjög auðvelt að læra að þrjóna á tækniöld. Það eru til fullt af myndböndum á YouTube og það eru svakalega margir sem tóku upp þrjónana í Covid – sérstaklega ungt fólk,“ segir Brynja Björk Hinriksdóttir en hún er ein af þeim sem stendur að Garnival, þrjónahátíð sem fer fram í samkomusal Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði í mars.

Forsaga Garnival-hátíðarinnar er að Þorbjörg Sæmundsdóttir ákvað að húa saman fimm konum úr mismunandi áttum á þrjónastefnumót. Hún vissi að þær hefðu allar brennandi áhuga á þrjóni, garni og almennt öllu sem við kemur hannyrðum. Í september í fyrra hittust svo Brynja, Arndís Ósk Arnalds, Áslaug Eiríksdóttir, Edda Lilja Guðmundsdóttir og Margrét Leifsdóttir ásamt Þorbjörgu á kaffihúsi með sín þrjónaverkefni. Flestar voru að hittast í fyrsta sinn og áður en margar mínútur voru liðnar var hugmyndin að þrjóna og garnhátíð fædd.

„Við töludum um að okkur myndist vanta þrjónahátíð hingað á höfuðborgarsvæðið. Það hafa verið haldnar þrjónahátíðir úti á landi og í útlöndum, en ekki hér. Þá kom: „Af hverju gerum við það ekki bara?“ segir Brynja.

Þær stöllu renna svolitíð blint í sjóinn með hátíðina en þegar þær athuguðu hvort einhver vildi koma og vera með á markaðstorginu voru flestallir til sem eitthvað koma nálægt þrjónaskap. Tuttugu aðilar verða á torginu með sínar leifur.



Konurnar á bak við Garnival, þær Þorbjörg Sæmundsdóttir, Brynja Björk Hinriksdóttir, Arndís Ósk Arnalds, Áslaug Eiríksdóttir, Edda Lilja Guðmundsdóttir og Margrét Leifsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þarna verða líka verkefnaöskur sem er eitt af stóru málunum í þrjónaheiminum í dag.

Brynja Björk Hinriksdóttir

„Það er mikil stemning að myndast fyrir hátíðinni. Vonandi komast sem flestir því þarna er margt að sjá og margt að skoða,“ segir Brynja.

Meðal annars verða þar flestir af handliturum landsins en það eru þeir sem lita garn. „Þá er verið að lita garn fyrir aðra til að njóta. Litarnir eru þá með sínar áherslur og sína liti og það er mjög spennandi.

Þarna verða líka verkefnaöskur sem er eitt af stóru málunum í þrjónaheiminum í dag. Þá áttu tösku fyrir verkefnið sem þú ert að gera. Það er verið að sauma margar tegundir af verkefnaöskum,“ segir Brynja og bendir á að það verði alveg hægt að gera vel við sig á hátíðinni og jafnvel bara að fá sér bara kaffi.

„Skellur, félag ungs fólks með MS sjúkdóminn, mun sjá um kaffi og veitingasölu á meðan hátíðin fer fram og rennur allur ágóði til þeirra góða starfs,“ segir Brynja. ■

Alex og William manual hvíldarstólar



Nú með 20% afslætti

Alklæddir Anelín leðri Litir: svart, dökkbrúnt og cognac

Alex manual með 20% afsl. 195.000 kr. William manual með 20% afsl. 215.000 kr.

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | [nyform.is](#)



Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
há eftirfarandi fyrirtækjum



DORMA



VÍDD



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum nema Skovby, af þeim eru 15% afsláttur. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum.
Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum.
Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum.
Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum.
ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.



Bæjarlind 4 - Sími: 510 7900 - www.fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA



Viðgerðir á ferjunni munu taka frá 6 til 8 vikum. FRÉTTABLADIÐ/AUÐUNN

Krefjast lausna fyrir Grímseyinga

kristinnpall@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Bæjarstjórn Akureyrarbæjar kallar eftir því að Vega-gerðin leggi án tafar fram lausn á því vandamáli sem kemur upp á næstu vikum þegar Sæfari, ferjan sem siglir til Grímseyjar, fer í slipp í vor.

Líklegt er að viðgerðir taki frá sex til átta vikum og hafa íbúar ekki fengið neinar upplýsingar um stað- gengil.

Í bókun bæjarstjórnar Akureyrarbæjar er minnst á að um 60 íbúar séu með lögheimili í Grímsey auk árstíðabundinna íbúa sem dvelja tímabundið í eyjunni. Nauðsynlegt sé fyrir þetta fólk að tryggja og áreiðanlegar samgöngur séu til og frá eyjunni, auk þess sem flytja þarf þangað tæki, tól og varning. ■

Miðgildi aldursbils Íslendinga hækkar

kristinnpall@frettabladid.is

SAMFÉLAG Miðgildi aldursdreifingar Íslendinga hefur hækkað um 1,4 ár upp í 36,7 ár á síðastliðnum áratug en er áfram með því lægra í Evrópu. Með því hefur miðgildi aldursdreifingar hælendis hækkað um ellefu ár frá því að mælingar hófust árið 1960. Samkvæmt því er helmingur þjóðarinnar yngri en 36,7 ára og hinn helmingurinn eldri.



Hækkunin er ellefu ár frá árinu 1960.

Þetta kemur fram í nýrri samantekt Eurostat, tölfræðiveitu Evrópusambandsins. Til samanburðar er miðgildi aldursdreifingar hæst á Ítalíu þar sem það mælist 48 ár og meðaltal innan Evrópusambandsríkjanna 27 er 44,4 ár. ■

Verkbann SA á Eflingarfólk var samþykkt

kristinnhaukur@frettabladid.is
jonthor@frettabladid.is

KJARAMÁL Verkbann Samtaka atvinnulífsins gegn Eflingarfólki var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta, eða tæplega 95 prósentum atkvæða. Þetta var tilkynnt snemma í gærkvöldi eftir að atkvæðagreiðslu lauk klukkan 16. Mun verkbannið hefjast fimmtudaginn 2. mars.

„Auðvitað verða áhrif þessa verk-

banns mjög viðtæk. Þetta er mjög breiðvirk aðgerð og sannarlega til þess fallin að valda miklum áhrifum á samfélagið,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Segir hann aðeins tvo valkosti í stöðunni. Annaðhvort að bíða og sjá þunga verkfalla Eflingar aukast hægt og bitandi. Eða stiga niður fæti. „Hingað og ekki lengra, þessa deilu þarf að leysa,“ segir Halldór.

Efling hefur ákveðið að bíða með



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

þriðju hrinu verkfalla sem áttu að hefjast á þriðjudag, það er hjá starfsfólki öryggisfyrirtækja, ræstingar- fyrirtækja og þeim hótélum sem

verkföll voru ekki þegar hafin hjá, vegna verkbannsins. Stjórn Eflingar hugðist funda um stöðuna í gærkvöldi.

Fyrr um daginn tilkynnti Ást-ráður Haraldsson, settur sáttasemjari í deilunni, að hann myndi ekki skjóta miðlunartillögu Aðalsteins Leifssonar til Hæstaréttar, og halda þar með samkomulagið sem Aðalsteinn gerði við Eflingu. Sagði hann lagalegar þrætur ekki liðka til fyrir lausn deilunnar. ■

Upp undir þriðji hver fiskur drepst í sjókvíaeldi í fjörðum landsins

Aldrei hafa jafn margir laxar drepst í sjókvíum hér við land og í fyrra. Aðstoðarfor- stjóri Laxa hf. segir atvinnu- greinina vera að taka á vand- anum, en talsmaður Íslenska náttúruverndarsjóðsins segir fyrirtækjunum ekki treyst- andi til þess.

ser@frettabladid.is

FISKELDI Afföll í sjókvíaeldi hér við land hafa aldrei verið meiri en á síðasta ári samkvæmt mælaborði Matvælastofnunar, og sló þó árið þar á undan met í fjölda fiska sem drapst í kvíum.

Afföllin voru um 19 prósent á síð- asta ári, sem er nærri 27 prósentum meira en gerist í norsku sjókvíaeldi, „sem þykir algerlega óásættanlegt þar í landi,“ eins og Jón Kaldal, tals- maður Íslenska náttúruverndar- sjóðsins, kemst að orði en þau samtök berjast gegn erfðablöndun eldisfisks og villta laxastofnsins á Íslandi.

Hann segir velferðarvanda í sjókvíaeldi á laxi vera gríðarlegan hér við land. „Tökum sem dæmi ástandið hjá Arctic Fish í Dýra- firði fyrir vestan. Það fyrirtæki meðhöndlaði eldisdýrin sín með þeim hætti að um einn af hverjum þremur eldislaxum í sjókvíum í firðinum drapst í janúar og febrúar í fyrra af völdum vetrarsára og lif- færabilunar,“ segir Jón.

Og nú í desember hafi lúsasmit í sjókvíum Arctic Fish verið svo hrikalegt að viðlíka tölur hafi aldrei áður sést hér við land. „Þær voru margfalt yfir þeim mörkum sem heimilt er samkvæmt norskum reglum,“ bendir Jón jafnframt á.

Jens Garðar Helgason, aðstoðar-



Talsmaður Íslenska náttúruverndarsjóðsins segir velferðarvanda í sjókvíaeldi á laxi vera gríðarlegan hér við land.

MYND/ADSEND



Sifellt fleiri laxar drepast í sjókvíunum.



Jón Kaldal, tals- maður Íslenska náttúruverndar- sjóðsins

forstjóri Laxa hf. á Austurlandi viðurkennir að vaxtarverkir hafi fylgt hraðri uppbyggingu í greininni. „Þetta er atvinnugrein sem er að læra,“ útskýrir hann.

Fyrir vestan hafi flöskuhálsinn til dæmis verið í slátruninni, framleiðslugetan hafi verið meiri en slátrurgetan. „Við sjáum fyrir endann á þeim vanda með nýju



Þetta er atvinnugrein sem er að læra.



Jens Garðar Helgason, að- stoðarforstjóri Laxa hf

fjögurra milljarða króna slátruhúsi í Bolungarvík,“ bendir hann á.

Jón Kaldal segir að allt of mikil áhersla hafi verið lögð á vöxt þessa iðnaðar af hálfu hins opinbera. „Það kemur niður á velferð eldisdýrana. Sjókvíaeldi er óboðleg aðferð við matvælaframleiðslu,“ segir tals- maðurinn.

Hann bendir jafnframt á að „þessi

hræðilegi dýravelferðarvandi,“ eins og hann orðar það, hafi lengi verið mikið hitamál í norsku sjókvía- eldi. Á hverju ári segi forsvarsfólk iðnaðarins í Noregi að þetta ástand sé óviðunandi og heiti því að bæta ráð sitt.

„Ekkert breytist þó. Vist eldislax- anna er jafn ömurleg og sifellt fleiri laxar drepast í sjókvíunum. Hér á landi er eldislaxinn svo í enn þá verri málum,“ segir Jón.

Hann telur að íslensk stjórn- völd hljóti að bregðast við þessum manngerðu hamförum. „Fyrirtækj- unum er augsýnilega ekki treystandi sjálfum til að bæta ráð sitt,“ segir Jón Kaldal.

Jens Garðar er ekki á sama máli. „Varnir hafa verið bættar og aðgrein- ing aukin á milli kvía, auk þess sem bólusetning gegn kvillum er nú leyfi- leg, ólíkt því sem var í byrjun. Svo höfum við fengið til okkar færustu sérfræðinga í heimi til að lágmarka tjón og það er að skila sér,“ segir Jens Garðar Helgason. ■

Uggur í íbúum eftir að maður gekk berserksgang


lovisa@frettabladid.is

SAMFÉLAG Íbúi í blokk við Austur- brún 6 gekk síðustu helgi berserks- gang í inngangi og á gangi við íbúð sína. Valur Pálsson, íbúi í húsinu, segir íbúa skelkaða og ósatta við lítil viðbrögð Félagsbústaða en íbúðir hússins eru í þeirra eigu. Málið hefur verið kært til lögreglu.

„Við fáum ekkert að heyra. Það komu fjórir lögreglumenn en tóku hann ekki því þeir sögðust ekki hafa heimild til þess,“ segir Valur og að íbúar vilji að maðurinn verði látinn fara úr húsinu.

Í húsinu eru 76 íbúðir og segir Valur marga hafa áhyggjur.

Félagsbústaðir segja að þeim hafi borist tilkynning frá íbúum fjöl- býlishúss og öryggisfyrirtæki að einstaklingur hafi um síðastliðna helgi valdið skemmdum á íbúða- hurðum og sameign í húsinu sem er í eigu Félagsbústaða.



Miklar skemmd- ir voru á inn- gangi hússins.

FRÉTTABLADIÐ/
ERNIR

Sigrún Árnadóttir, framkvæmda- stjóri Félagsbústaða, segir að brugð- ist hafi verið við málinu.

„Brugðist hefur verið við með því að afla frekari upplýsinga um málið, meta skemmdir og ræða við aðila sem kunna að hafa upplýsingar um málið. Unnið er að því að afla

upplýsinga, svo sem myndefnis úr öryggismyndavélum, sem munu liggja til grundvallar hvernig brugð- ist verður við þessum atvikum,“ segir Sigrún og að stórfelld brot á húsreglum, leigusamningi og húsa- leigulögum geti valdið því að leigu- samningi viðkomandi sé rift. ■

BOLÍ
LÉTTYL

ÍPRÓTTAVIKAN
MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 21.00

HRINGBRAUT



Aðalfundur Íslandsbanka hf.

Stjórn Íslandsbanka hf. boðar til aðalfundar bankans sem haldinn verður fimmtudaginn 16. mars 2023, kl. 16:00, í Norðurljóssal Hörpu, Reykjavík. Jafnframt er gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram rafrænt, óháð því hvort hluthafar mæta á fundarstað eða taka þátt rafrænt. Fundurinn fer fram á íslensku, en boðið verður upp á túlkaþjónustu á ensku.

Eftirfarandi mál eru á dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi bankans síðastliðið rekstrarár
2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir næstliðið rekstrarár
3. Ákvörðun um greiðslu arðs
4. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar
Upplýsingar um frambjóðendur og skýrsla tilnefningarnefndar bankans verður birt samhlíða fundarboði þessu á Nasdaq Iceland og á vefsíðu bankans www.islandsbanki.is/hluthafafundur
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans
8. Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar bankans
9. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum bankans
Ef tillagan er samþykkt verður ákvæðum 7.3 og 8.1 samþykktanna breytt, og nýju ákvæði 7.4 bætt við, til að endurspegla heimildir skilavalds Seðlabanka Íslands til skilaaðgerða í samræmi við lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfa- fyrirtækja nr. 70/2020. Á vefsíðu bankans, www.islandsbanki.is/hluthafafundur, er að finna skjal sem rekur fyrirhugaðar breytingar á samþykktum bankans.
10. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum
Ef tillagan er samþykkt felur hún það í sér stjórn bankans verði veitt heimild til að kaupa allt að 10% af hlutafé bankans í þeim tilgangi að setja upp endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum. Heimildin mun gilda í 18 mánuði frá aðalfundardegi árið 2023. Framkvæmd endurkaupa er háð fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.
11. Önnur mál.

Aðrar upplýsingar

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja aðalfund, taka þar til máls og neyta atkvæðisréttar síns. Rétt til setu á aðalfundi hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi, stjórnarmenn og bankastjóri. Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Skal nefndarmönnum undirnefnda stjórnar jafnframt heimilt að sitja fundinn. Stjórnin getur einnig boðið sérfræðingum setu á fundinum. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á fundinum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Þá er fulltrúum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands heimilt að sitja fundinn, en slíkir fulltrúar hafa hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á fundinum.

Gefinn er kostur á þátttöku á fundinum með rafrænum hætti, með Lumi AGM veflausninni þar sem beint vefstreymi frá fundinum verður aðgengilegt auk þess sem að hluthafar geta borið upp skriflegar spurningar. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinum og veitir rétt til þátttöku á honum að öðru leyti. Atkvæðagreiðsla mun alfarið fara fram rafrænt í gegnum Lumi AGM veflausnina án tillits til þess hvort hluthafar mæta á fundarstað eða taka þátt rafrænt. Hægt verður að greiða atkvæði í tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma. Ekki verður gefinn kostur á rafrænni atkvæðagreiðslu fyrir auglýstan tíma aðalfundar.

Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi bankans þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja aðalfundinn og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Hluthafar einir bera ábyrgð á því hverjum þeir veita umboð eða afhenda aðgangsupplýsingar. Á vefsíðu bankans, www.islandsbanki.is/hluthafafundur, má finna sniðmát af umboði sem hluthöfum er bent á að nýta sér. Umboð gilda einungis til fundarsetu á einum hluthafafundi nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins. Hluthöfum, sem jafnframt eru lögaðilar eða hyggjast láta umboðsmann sækja aðalfundinn, er bent á að tryggja að sá aðili hafi til þess heimild.

Til þess að hægt sé að tryggja tímanlega úrvinnslu á beiðnum hluthafa um aðgangsupplýsingar eru hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, beðnir um að skrá sig á heimasíðunni www.lumiconnect.com/meeting/islandsbanki2023, eigi síðar en kl. 16:00 þann 15. mars 2023, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Sama gildir ef hluthafar vilja leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Þær skulu sendar á netfangið hluthafar@islandsbanki.is.

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, skulu senda kröfu um slíkt á netfangið hluthafar@islandsbanki.is í síðasta lagi tíu dögum fyrir boðaðan aðalfund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 6. mars 2023. Kröfu um slíkt skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun fundarins.

Hlutafé Íslandsbanka er kr. 10.000.000.000 krónur og skiptist í 2.000.000.000 hluti hver að nafnvirði fimm (5) krónur eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri krónu nafnverðs hlutafjár. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar. Hluthafafundur telst lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega var til hans boðað og fundurinn er sóttur af einum eða fleiri hluthöfum.

Dagskrá, tillögur stjórnar til aðalfundar, ársreikningur fyrir árið 2022, upplýsingar um hvernig hluthafar geta nálgast aðgangs- upplýsingar og um framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn er að finna á vefsíðu bankans, www.islandsbanki.is/hluthafafundur, og eru aðgengileg í höfuðstöðvum bankans. Fundargögn eru aðgengileg bæði á íslensku og á ensku. Sé misræmi milli fundargagna á ensku annars vegar og íslensku hins vegar, gildir íslenska útgáfan.


HYUNDAI
NOTAÐIR

4x4 MEÐ ALLT AÐ 7 ÁRA ÁBYRGÐ!

Eigum nokkra nýlega fjór hjóladrífna Hyundai notaða á Krókhálsi 7, Reykjavík sem eru enn í ábyrgð. Komdu og gerðu frábær kaup!

7 ÁRA
Ábyrgð
Framtíðin er örugg

8 ÁRA
Rafhlöðu
ábyrgðartrygging

*Hyundai býður eina viðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is



HYUNDAI Santa Fe IV Style
Nýskr. 04/20, ekinn 52 þ.km, dísil, sjálfskiptur
VERÐ: 7.890.000 kr.



HYUNDAI Tucson Classic MHEV
Nýskr. 06/21, ekinn 51 þ.km, dísil/rafmagn
VERÐ: 5.390.000 kr.



HYUNDAI Tucson Premium
Nýskr. 07/19, ekinn 52 þ.km, dísil, sjálfskiptur
VERÐ: 5.590.000 kr.



HYUNDAI Tucson Style PHEV
Nýskr. 04/22, ekinn 20 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur
VERÐ: 7.790.000 kr.



HYUNDAI Tucson Comfort PHEV
Nýskr. 10/21, ekinn 10 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur
VERÐ: 6.590.000 kr.



HYUNDAI Tucson Style MHEV
Nýskr. 02/20, ekinn 40 þ.km, dísil/rafmagn, sjálfskiptur
VERÐ: 5.990.000 kr.



HYUNDAI Tucson Style PHEV
Nýskr. 10/22, ekinn 3 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur
VERÐ: 7.990.000 kr.



HYUNDAI Santa Fe IV Style
Nýskr. 07/21, ekinn 50 þ.km, dísil, sjálfskiptur
VERÐ: 8.490.000 kr.

OPNUNARTÍMI:
Mánud. 10-18,
Þriðjud.-fimmtud. 9-18,
föstud. 9-17, laugard. 12-16

Hyundai notaðir

K7 - Krókhálsi 7, 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is



Sund er mikil heilsubót en slyshrina undanfarið hefur vakið óhug. Myndin er tekin af Kópavogslaug. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Starfsfólk sundlauganna harmi slegið vegna slysa

Aðeins ein drukknun varð í sundlaugum í Reykjavík á tuttugu ára tímabili, 2001-2021. Nú hafa þrjú andlát orðið á þremur mánuðum í sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu.

Drukknar í sundlaugum frá 2001 til 2021

2
börn undir 10 ára

1
eldri borgari

1
unglingur

2
30-45 ára



Sólveig Valgeirsdóttir, öryggisstjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar

ekker hvort um drukknun var að ræða eða aðrar orsakir andláts," segir Sólveig.

Starfsfólk sundstaða tekur þátt í þjálfun umfram reglugerðir að hennar sögn. Álag í vinnu sé oft mikið, myndavélar hafi reynst góð viðbót en aldrei sé hægt að fylgjast með öllum. Minnir Sólveig á að börn eru á ábyrgð foreldra í sundi, ekki starfsfólks.

„Nei, það er ekki orðið hættulegt að fara í sund, en það getur verið hættulegt að vera of lengi í heitu vatni ef fólk er með hjarta og æðasjúkdóma og svo þarf að huga að vatnsdrykkju og reyna ekki um of á sig," segir Sólveig.

Frá 2001-2021 voru alls sex drukknar í sundlaugum skráðar, fjórar í sundlaugum á landsbyggðinni og tvær á höfuðborgarsvæðinu, þar af önnur í Reykjavík. Þetta kemur fram í skýrslu innri endurskoðunar um öryggi sundstaða Reykjavíkurborgar. Í mörgum tilfellum urðu sundlaugargestir fyrst varir við slysið og aðstoðuðu við björgun upp á bakka.

Um 2,3 milljónir gesta heimsækja sundlaugarnar í Reykjavík árlega. ■

bth@frettabladid.is

SLYS „Þetta eru hræðilegar fréttir, við erum harmi slegin, það tekur mjög á alla sundlaugarstarfsmenn að heyra af þessum andlátum," segir Anna Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður Vesturbæjarlaugar.

Þrjú dauðsföll hafa orðið í sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu á þremur mánuðum. Í Lágafellslaug í Mosfellsbæ lést kona á fimmtugsaldri í vikunni. Á föstudag lést önnur kona í Kópavogslaug. Í desember síðastliðnum lést karl á áttræðisaldri í Breiðholtslaug. Dánarorsök er til rannsókna og óljóst hvort aðrir þættir en drukknun séu fyrir hendi.

Hafþór B. Guðmundsson, fyrrverandi lektor í íþróttfræði við Háskóla Íslands og sérfræðingur í sundöryggismálum, hefur gagnrýnt öryggismál sundlauga hér á landi og sagði í viðtali við RÚV að atvik af þessu tagi eigi ekki að geta gerst. Hann kallar eftir úrbótum og segir dæmi um að mál hreinlega hverfi.

Starfsfólk sundstaða sem Fréttablaðið hefur rætt við víða um land, segir að öryggiskröfur séu í sífelldri þróun. Eitt dæmi að sögn Sólveigar Valgeirsdóttur, öryggisstjóra

menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar, er að myndavélar verða bráðlega settar upp í alla varðturna í sundlaugum í borginni. Þá hafa símar verið bannaðir í vaktturnum til að auka líkur á fullri einbeitingu starfsfólks.

Anna Kristín hefur blásið lífi í sundlaugargest eftir hjartaáfall. Hann lifði og segir Anna að það komi sjaldnast fram þegar starfsmenn sundlauga bjarga mannslífum með góðri vöktun og skyndihjálpi. Hún gagnrýnir málflutning Hafþórs og sakar hann um staðlausa stafi.

Nokkrir forstöðumenn sundlauga og starfsmenn hafa í tímans rás fengið stöðu sakbornings á meðan unnið er að rannsókn á banaslysum. Sólveig segir að starfsmaður á sundstað hafi aldrei verið ákærður fyrir brot um vanrækslu í starfi.

„Dauðsföll geta alls staðar orðið, við vitum í þessum nýlegu málum

Tónlist og bæn í Landakotskirkju

lovisa@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Klukkan 20 annað kvöld verður bænastund með tónlist í Landakotskirkju.

„Nú þegar ár er að verða liðið sjáum við að stríðið er ekki búið heldur er það orðið dýpra og sárara fyrir alla," segir Kristófer Gajowski, skipulagsstjóri fyrir Support for Ukrain Iceland, og að það eigi ekki bara við um Úkraínnumenn, heldur líka alla sem horfa upp á þetta.

Hann segir að Rússar hótí nú meira ofbeldi og fleiri árasum og að margir óttist hvað gerist á föstudag en þá er ár liðið frá því að innrás Rússa hófst í Úkraínu. Frá því að innrásin hófst hafa hundruð þúsunda Úkraínnumanna lagt á flóta. Hingað til lands komu hátt í þrjú þúsund manns. Í tilefni af þessum tímamótum verður bænastund með tónlist í Landakots-



Kristófer stýrir Support for Ukrain Iceland. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

kirkju. Viðburðurinn er skipulagður af hópnum Support for Ukrain Iceland sem hefur frá innrás skipulagt ýmsa viðburði á Íslandi fyrir bæði Úkraínnumenn og Íslendinga.

„Við viljum að það komi fram að Úkraínnumenn elska friðinn og við viljum líka þakka fyrir það hvernig Íslendingar hafa staðið með okkur," segir Kristófer en bænastundin er öllum opin og hvetur hann sérstaklega barnafjölskyldur til að koma. Eftir viðburðinn í kirkjunni verður boðið upp á kaffi og te í salnum við kirkjuna.

Kór Landakots og organisti, Marton Wirth, koma fram á bænastundinni auk Ástu Sigríðar Árnadóttur sópran og Guðnýju Einaradóttur organista. Natalia og Yaroslava syngja úkraínskan sálm og Jakob Rolland prestur leiðir bænir og predikun á íslensku með þýðingu á úkraínsku. ■

Miklu meira en bara ódýrt

Álskófla Fiskars
frá kr 2.895,-

Snjósköfur
frá kr 2.985,-

Bílsköflur
verð frá
kr 2.495,-

Bílrúðuskafa
m/klústi
kr. 1.995,-
(frá 995)

Strekkibönd

Bílrúðusköfur
frá kr 295,-

Bensínbrúsar
5/10/20L
Plast&Stál

Strákústar
frá kr 995,-

Klakasköfur

Hálkubroddar
kr 895,-

Yfirbreiðslur
margar stærðir

Dráttartóg
frá kr 2.495,-

Hitamælar
í miklu úrvali

Rúðuvökvi

Starkaplar
frá kr 1.995,-

Hálkusalt

VIAIR 12V
Loftdælur

Neyðarkeðjur
Plast

Íseyðir
kr 995,-

Höfuðljós
kr 995,-

Vasaljós
í miklu úrvali

Hleðslutæki



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

NEYTENDUR



Pósturinn hefur bætt við ýmis konar gjöldum sem ekki þekktust áður.

Segir Póstinn vera meistara í gjöldum

ser@frettabladid.is

Pósturinn tekur 1.700 króna geymslugjald ef viðskiptavinir hans koma of seint að sækja bréf sem þeim hefur verið tilkynnt um að bíði þeirra, og gildir einu hversu þunn og létt þau eru.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir þetta vera dæmigert fyrir þennan opinbera rekstur. „Pósturinn er meistari í að smyrja smágjöldum á bréf og pakka og er alls ófeiminn við að nota til þess öll tiltæk ráð,“ segir hann.



Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

Pósturinn hafi þó stöð í reglugerðum til að gera þetta, sem æ fleiri verði fyrir barðinu á þegar pósthúsum fari fækkandi og þau sé ekki endilega lengur að finna í hvaða íbúahverfi sem er. Þess vegna beri meira á kvörtunum vegna þessa gjalds.

Þá liggja líka fyrir frumvarpsdrög þess efnis að Pósturinn beri ekki lengur bréfasendingar í hús, heldur verði almenningur eftirleidis að sækja þær í sérstök póstbox sem komið verði upp á fjölsóttum stöðum á borð við verslunarmiðstöðvar. ■



Pappírinn í Pennanum er nær þrefalt dýrari en í Hagkaup.

Mikill verðmunur á fjölnotapappír

ser@frettabladid.is

Fjölnotapappír sem notaður er í hefðbundnum skrifstofuprenturum er meira en tvöfalt ódýrari í Hagkaupum en verslunum Pennans Eymundssonar.

Í Hagkaupum kostar eitt þúsund stykkja eining 599 krónur samkvæmt kvittun sem blaðið hefur undir höndum, en sama magn kostar 1.499 krónur í Pennanum Eymundsson svo sem sjá má af nótunni sem sést hér að ofan.

Að sögn kaupandans í báðum þessum tilvikum finnst honum skjóta nokkuð skökku við að Hagkaup kaupir einmitt sinn pappír af umræddri skrifstofuvöruverslun. Í því ljósi hljóti þessi mikli verðmunur að vekja athygli, enda leggi heildsalinn meira á vöruna en kaupandinn. ■

HEIMILISBÓKHALDIÐ

6%



Munurinn á matarkörfunni í Bónus og ódýrustu mögulegu körfu.

54%



Munurinn á matarkörfunni í Iceland og ódýrustu mögulegu körfu.

198 kr.

kostar lítrinn af mjólk í Bónus.

301,90 kr.

er lægsta verð á bensíni á Akureyri, hjá Orkunni á Mýrarvegi.

Ódýrara á Akureyri en í Reykjavík

Álagning á bensín og dísilolíu er umtalsvert hærri hér á landi en í Bretlandi og Írlandi. Raunar hefur verð á eldsneyti hér á landi verið með því allra hæsta sem þekktist í Evrópu árin 2017-2022. Costco virðist ekki veita eins mikla samkeppni og áður.

olafur@frettabladid.is

Þetta kemur fram í nýlegri úttekt Samkeppniseftirlitsins á eldsneytismarkaðnum hér á landi. Úttektin leiðir í ljós að álagning á bensíni er hærri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Virk samkeppni virðist gagnast neytendum vel. Þegar Costco opnaði bensínstöð sína 2017 lækkaði álagning eldsneytis merkjanlega um allt land jafnvel þótt Costco reki einungis eina bensínstöð í Garðabæ.

Álagning er þó hærri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Undantekningin frá þessu er Akureyri. Athyglisvert er að um mitt ár 2020 snarlækkar bensínverð á Akureyri en fram til þess tíma hafði álagning á Akureyri verið svipuð og annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins. Frá þeim tíma hefur bensínverð verið lægra á Akureyri en á höfuðborgarsvæðinu.

Ástæða fyrir þessari miklu og skyndilegu lækkun bensínverðs á Akureyri um mitt ár 2020 er aukin samkeppni. Þá opnaði Atlantsolía bensínstöð þar og bauð ódýrara bensín en áður hafði staðið Akureyringum til boða. Samkeppnin blómstrar enn norðan heiða og álagning á Akureyri er nær því sem sést í Bretlandi og Írlandi en annars staðar á landinu.

Fram kemur í úttektinni að hlutur olíufélags af hverjum seldum lítra hefur rúmlega tvöfaldast frá því í maí 2022, farið úr röskum 30 krónum í meira en 70 krónur.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur gagnrýnt olíufélögin harðlega fyrir of háa álagningu og kallað eftir inngrípum stjórnvalda. Bendir FÍB á að smásöluverð eldsneytis hér á landi breytist alls ekki í takt við heimsmarkaðsverð. Gerður er samanburður við Danmörku og í ljós kemur að frá því í október virðist álagning íslensku olíufélag-



Innkoma Costco á íslenskan eldsneytismarkað lækkaði eldsneytisverð um land allt en upp á síðkastið virðist Costco hegða sér líkt og íslensku olíufélögin.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Samkeppni frá Atlantsolíu hefur tryggt Akureyringum lægra eldsneytisverð en íbúum höfuðborgarsvæðisins frá miðju ári 2020.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

anna hafa stóruaust samanborið við álagningu danskra olíufélaga.

Það sem vekur einna helst athygli er að Costco á Íslandi, sem hleypti lífi í samkeppnisumhverfi á eldsneytismarkaði hér á landi þegar það opnaði bensínstöð sína 2017

virðist hafa aukið álagningu sína til jafns við önnur íslensk olíufélög. Álagning Costco er lægri en hjá N1 en hefur aukist stórum frá því í október, rétt eins og reyndin er hjá N1.

Tvær skýringar virðast geta



Álagning olíufélaganna á hvern lítra eldsneytis hefur meira en tvöfaldast síðan í maí 2022.

verði á þessu. Mögulega lætur innlendur eldsneytisbirgir Costo, sem er Skeljungur, fyrirtækið ekki njóta stórlækkaðs heimsmarkaðsverðs á eldsneyti. Hin skýringin er að verðlagningarstefna Costco hafi breyst frá því það opnaði fyrst hér á landi.

Allt að einu er ljóst að álagning eldsneytis hér á landi er umtalsvert hærri en víðast hvar annars staðar í Evrópu og Íslendingar greiða eitt hæsta eldsneytisverð sem sögur fara af.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir þessi dæmi sýna mikilvægi þess að samkeppni sé virk og raunveruleg. ■

Lægstu óverðtryggðu vextirnir í Íslandsbanka

olafur@frettabladid.is

Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa allir hækkað vexti óverðtryggðra húsnæðislána í kjölfar stýrivaxtahækkunar Seðlabankans um hálf prósentustig á dögunum.

Breytilegir vextir á óverðtryggðum húsnæðislánnum eru nú lægstir í Íslandsbanka, 7,75 prósent. Landsbankinn býður 8,0 prósent og Arion banki er með hæstu vextina, 8,34 prósent.

Þeir sem taka lán með vöxtum sem festir eru í þrjú ár borga álag á breytilega vexti í öllum bönkunum. Sama gildir um lán með vöxtum

sem festir eru til fimm ára í Íslandsbanka. Landsbankinn býður hins vegar nokkuð lægri vexti séu vextirnir festir til fimm ára. Arion banki virðist ekki almennt bjóða upp á að vextir á íbúðalánnum séu festir til lengri tíma en þriggja ára.

Vextir af verðtryggðum húsnæðislánnum eru hins vegar lægstir í Landsbankanum, 2,60 prósent. Íslandsbanki er með 2,65 prósent og Arion er með hæstu verðtryggðu útlánsvextina, 2,94 prósent.

Þessar tölur eru fengnar úr vaxtatóflum bankanna, sem tekið hafa gildi í þessari viku. Af þeim er ljóst að óhagstæðast er að fjármagna



Nokkur munur getur verið á greiðslubyrði húsnæðislána eftir því í hvaða banka þau eru tekin.

húsnæðiskaup í Arion banka en Íslandsbanki er hagstæðastur í óverðtryggðum lánnum á meðan Landsbankinn býður eilítið hagstæðari verðtryggð húsnæðislán en Íslandsbanki.

Greiðslubyrði húsnæðiskaupenda hefur hækkað um marga tugi þúsunda í mánuði hverjum frá því að Seðlabankinn hóf hækkunarferli stýrivaxta í maí 2021. Ef bornir eru saman breytilegir vextir og vextir sem festir eru til þriggja ára, er ljóst að bankarnir telja líkur á því að Seðlabankinn muni enn hækka stýrivexti sína áður en þeir taka að lækka á ný. ■

Viðbúið að krónan haldi áfram að veikjast

Dósent í hagfræði við Háskóla Íslands segir viðbúið að íslenska krónan veikist enn frekar á næstunni vegna samdráttar í ferðaþjónustu og átaka á vinnumarkaði. Áhrif bakslagsins geti hæglega aukið á verðbólgu og vegið upp á móti kólnandi fasteignamarkaði.

ggunnars@frettabladid.is

Már Wolfgang Mixa, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir nærtækast að líkja blikum á lofti í efnahag landsins við slæma veðurspá og yfirvofandi lægðagang.

„Við sjáum alls konar lægðir í kortunum. Vandamálið um þessar mundir er að nær ómögulegt er að spá fyrir um hve djúpar þær verða þegar þær skella á okkur,“ segir Már.

Hann segir líklegt að hatrömm átök í kjaradeilu Eflingar og Samtaka atvinnulífsins séu þegar farin að hafa áhrif á þróun vaxtastigs í landinu.

„Við þurfum ekki að horfa lengra en til ársins 2015 til að rifja upp sambærileg dæmi. Þá hækkuðu vextir á skuldabréfamarkaði langt fram eftir ári í tengslum við kjaradeilur.“

Már segir ávöxtunarkröfu skuldaþrifa á undanförunum dögum einmitt tilkomna vegna væntinga um að yfirstandandi kjaradeila hafi slæm áhrif til lengri tíma.

„Þannig að áhrif átaka á vinnumarkaði á vexti eru sannarlega til



Már Wolfgang Mixa, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir áhrifa þegar farið að gæta af vinnumarkaðsdeilum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

staðar. Spurningin er bara hversu mikil þau áhrif verða,“ segir Már.

Staðan sé í raun afar snúin um þessar mundir að hans mati og engin teikn á lofti um að stýrivextir lækki í brád.

„Hvort það gerist síðar á þessu ári veltur á nokkrum þáttum en allt tengist þetta á endanum verð-

bólgunni. En eins og þróunin hefur verið upp á síðkastið þá virðist verðbólgan hér ekki vera að ganga niður að sama marki og hún hefur verið að gera víða erlendis.“ Stýrivextir Seðlabankans séu vissulega farnir að bita á fasteignamarkaði en þá megi ekki gleyma því, segir Már, að hátt núverandi vaxtastig komi beint

í kjölfarið á ástandi þar sem vextir fóru niður í nánast ekki neitt.

„Við erum að koma út úr svo miklu þensluástandi,“ segir Már.

Það sem geri stöðuna svo enn snúnari um þessar mundir og lægðaganginn illvígari sé þessi harka sem hlaupin sé í kjaradeilu Eflingar og Samtaka atvinnulífsins.



Ef færri ferðamenn koma til landsins þá dregur eðlilega úr því fjármagni sem flæðir inn í landið og krónan veikist.

Már Wolfgang Mixa

„Þessi hnútur á vinnumarkaði virðist ætla að hafa mjög mikil áhrif. Einkum og sér í lagi á ferðaþjónustuna. Ef færri ferðamenn koma til landsins þá dregur eðlilega úr því fjármagni sem flæðir inn í landið og íslenska krónan veikist enn frekar en hún hefur verið að gera að undanförunu.“

Sá skellur sem við sjáum fram á í atvinnugrein eins og ferðaþjónustu hafi svo bein verðbólguhvætjandi áhrif að mati Má.

„Vegna þess hve háð við erum stöðugu innflæði fjármagns erlendis frá,“ segir Már

Á heildina litið megi þó draga saman horfurnar í efnahagslífinu þannig, að mati Má, að til lengri tíma gefi þær ástæðu til bjartsýni.

Full ástæða sé hins vegar til að hafa áhyggjur af skammtímahorfnum og þeim afleiðingum sem langvarandi vinnudeila geti haft á heilar atvinnugreinar. ■



Fyrsti Brewdog á Íslandi opnaði á horni Frakkastígs og Hverfisgötu árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR

Brewdog í útrás til Kína

helgisteinar@frettabladid.is

Skoski bjórframleiðandinn Brewdog mun bráðum hefja bjórframleiðslu í Kína. Fyrirtækið gerir þetta í samstarfi við bjórisann Budweiser og verða bjórnarnir þeirra bruggaðir í bruggverksmiðju Budweiser í Fujian-héraði í suðurlhuta Kína. Brewdog segist einnig ætla að opna fleiri bari í landinu.

Ákvörðunin kemur samhliða tilkynningu um að fyrirtækið sé að skoda skráningu á hlutabréfamarkað. Kína er einnig stærsti bjórmarkaður í heimi en stendur ekki undir nema einu prósentu af heildarsölu fyrirtækisins.

Veitingastaðurinn Brewdog Shanghai opnaði árið 2020 en fyrirtækið selur vörur sínar á 110 mismunandi börum í Kína.

Brewdog hefur staðið frammi fyrir miklum erfiðleikum undanfarin ár en uppgjör fyrirtækisins árið 2021 sýndi fram á tæplega 960 milljón króna rekstrartap. Fyrirtækið þurfti einnig að greiða 87



Veitingastaðurinn Brewdog Shanghai var opnaður árið 2020 en fyrirtækið selur vörur sínar á 110 mismunandi börum í Kína.

milljónir króna til sigurvegara í leik sem auglýsti „guldósir“ með villandi hætti. Fyrrum starfsmenn hafa þar að auki kvartað undan eitraðri vinnustadameningu og segjast þjást af andlegum veikindum eftir að hafa unnið fyrir Brewdog.

Rúmlega 2.300 manns starfa hjá Brewdog og er fyrirtækið með bruggaðstöðu í Ohio-fylki í Bandaríkjunum, Berlín og Brisbane í Ástralíu. ■

AÐALFUNDUR ICELAND SEAFOOD INTERNATIONAL HF.



Verður haldinn þann 16. mars 2023 kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Upplýsingar tengdar fundinum eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins www.icelandseafood.com/investors.

DAGSKRÁ FUNDARINS:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar félagsins um starfseminna á liðnu starfsári
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar
- Ákvörðun um ráðstöfun taps félagsins á árinu 2022
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar
- Kosning stjórnar félagsins
- Kosning endurskoðanda félagsins
- Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum:
 - Endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum ásamt viðeigandi breytingu á viðauka við samþykktir
 - Heimild til stjórnar til hækkunar á hlutafé félagsins um allt að 150.000.000 nýja hluti ásamt viðeigandi breytingu á 4. gr. samþykktar
 - Aðrar minniháttar breytingar á 11. og 12. gr. samþykktar félagsins
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða með tölvupósti á netfangið agm@icelandseafood.com í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 hinn 6. mars nk. Aðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Hluthafar þurfa að vera skráðir í hlutaskrá félagsins til að eiga þess kost að greiða atkvæði á fundinum (hlutir á safnreikningum hafa ekki atkvæðisrétt). Mæting hluthafa sem sækja fundinn verður skráð á við innganginn og hluthafar fá þar afhenta atkvæðaseða og önnur fundargögn. Atkvæði verða einungis greidd skriflega á fundinum ef farið verður fram á slíkt. Kjör stjórnar fer fram skriflega svo fremi sem framboð eru fleiri en stjórnarsæti. Hluthafar sem ekki mæta á fundinn geta greitt atkvæði fyrir fundinn eða látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Óski hluthafi eftir því að greiða atkvæði skriflega fyrir fundinn skal hann gera kröfu um slíkt eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda eða sótt atkvæðiseðil á vefsíðu félagsins og greitt atkvæði fyrir fund. Undirritaðir, dagsettir og vottaðir atkvæðaseðlar skulu hafa borist félaginu á skrifstofu þess eða á netfangið agm@icelandseafood.com að minnsta kosti þremur klukkustundum fyrir fundinn. Form að umboði má nálgast á heimasíðu félagsins. Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum, eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. 63. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktir félagsins. Skulu tilkynningar berast á netfangið agm@icelandseafood.com. Eyðublað má nálgast á heimasíðu félagsins, einnig er hægt að óska eftir því að fá þau send með því að senda tölvupóst á netfangið agm@icelandseafood.com. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi seinna en tveimur dögum fyrir fund.

Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins, þ.á m. skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund og tillögur, eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins; <http://www.icelandseafood.com/Investors>

Sendiherraraus



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Morgunblaðið hefur fyrir því í gærðag að birta langa grein eftir sendiherra Rússa á Íslandi sem er uppfyll af rakalausum þvætti- ingi og lygum um stríðsrekstur Kremlarvaldsins á hendur nágrannaþjóð sinni. Það er beinlínis sorglegt að sjá útgerðarvaldið á Íslandi eyða prentsvertu í öfgafullan áróður af þessu tagi gagnvart saklausri þjóð sem horfir nú upp á alþýðu manna vera stráfella í gegndarlausum loftárásum af hálfu Rússa sem einbeita sér að því að rústa heimilum fólks og öllum viðkvæmstu innviðum landsins. En þá liggur það líka fyrir að hverju aðdáun blaðsins beinist.

Sendiherrann réttlætir slátrunina á nágroönnum Rússa með þjóðernisrausi og gamalkunnri kaldastríðsvíhyggju; hverjum hugsandi manni sé fullkomlega ljóst í dag að Úkraína sé ekkert nema verkfæri í höndum Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins til að geta valdið Rússlandi sem mestum skaða.

Það hvarflar jafnvel að lesanda þessa heilagrauts að innrásin fyrir ári hafi akkúrat verið á hinn veginn, bændaþjóðin í vestri hafi ráðist á Rússa – og þeir síðarnefndu séu ekki að gera nokkurn annan hlut en að verja hendur sínar. Sér er nú hver mödreykurinn.

Og svo er auðvitað hoggið í sama knérunn og áður, en hernaðaraðgerðum Pútínátanna séu einkum og sér í lagi ætlaðar til þess að „afher- væða og afnasistavæða Úkraínu.“

Heilaspuninn ætlar sum sé engan endi að taka á síðum Morgunblaðsins, en birting grein- arinnar ber upp á þau tregafullu tímamót þegar ár er liðið frá því Rússaher byrjaði að eyðileggja allt sem hægt er að eyðileggja á ukráínskri grundu, þar á meðal líf og limi fólks sem á enga möguleika á að bera hönd fyrir höfuð sér.

Þetta blaður sendiherrans er auðvitað fyrst og fremst til marks um það að rússneskum yfirvöldum er farið að sviða það úr hófi fram að yfirtakan á sléttunum miklu á bökkum Dnjépr átti bara að taka dag eða tvo, slíkir væru nú yfirburðirnir í vopnabúri gamla stórveldisins.

En innrásin hefur einmitt afhjúpað hvað rússneska þjóðrikið er orðið veikt og smátt. Herveldið er ekki efnilegra en svo að það kemst ekki yfir fyrsta fljótið á vesturleið. Og keisar- ans nekt í skugga Kremlarmúranna er orðin æpandi og ámátleg.

Sá stríðsglæpamaður sem Vladímír Pútín er og verður í sögunni það sem eftir er hefur sagt lýðræðinu stríð á hendur. Hann hefur ákveðið upp á sitt eindæmi að reisa sér minnisvarða úr tárum, blóði og allsherjareyðileggingu í landi frænda sinna í vestri.

Því fær aðsend grein í Morgunblaðinu ekki breytt. ■

„
Það hvarfl-
ar jafnvel
að lesanda
þessa
heilagrauts
að innrásin
fyrir ári
hafi akk-
úrat verið
á hinn
vegin, bænda-
þjóðin í
vestri hafi
ráðist á
Rússa.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

kristinnhaukur@frettabladid.is

Fína fólkið

Höfuðborgarsvæðið, og þar af leiðandi landið allt, er korter í niðurbrot. 20 þúsund manns verða ekki vinnandi og ekki með neinar tekjur. Þetta er nota bene fólkið sem á minnst af peningum. Láglaunafólk á almenna vinnu- markaðinum sem verðbólgan bitur fastast. Ekki er nema von að fólk spyrji sig: Hvar er ríkis- stjórnin? Hvar er stöðugleikinn sem hún var kosin út á? Er landið stjórnlaust? Nei, nei. Landið er sko aldeilis ekki stjórnlaust. Ríkisstjórnin er nýbúin að því aðkallandi þjóðþrífaverkefni að gera útendingum aðeins erfiðara fyrir. Svo var farið í vikurúnt um landið, vinarbrauð étið á kaffi- stofum og montmyndum skellt á Facebook. Nóg að gera!

Ómakið

Þegar fjölmiðlar ganga á Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og ómaka hana með að spyrja um stöðuna í raunheimum segist hún hafa „þungar áhyggjur af stöðunni.“ Einkum af „gif- uryrðum“ fólksins í verkfallinu. Ætlar ríkisstjórnin að stíga inn í deiluna á einhvern hátt? Þjóða ívilnanir eða styrki til að liðka fyrir samningum? Nei. Ekkert kemur frá ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur nema möguleik- inn á að vinnulöggjöfinni verði breytt, atvinnurekendum í vil. Já, það er kannski ekki skrytið að Vinstri græn mælist með 5,9 pró- sent. Og alls ekki skrytið að lág- tekjufylgi flokksins sé horfið. ■

Um mikilvægan mannréttindasamning



Steinunn Þóra
Árnadóttir
þingmaður
Vinstrireyf-
ingarinnar græns
framboðs

Um þessar mundir eru 16 ár síðan Ísland undirritaði Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, en samningurinn hafði verið samþykktur á alls- herjarþingi Sameinuðu þjóðanna 13. desember 2006. Ísland fullgilti svo samninginn árið 2016.

Samningurinn er gríðarlega mikilvægur mannrétt- indasáttmáli en felur þó ekki í sér nein ný eða sértæk réttindi fyrir fólk með fötlun. Markmið hans er einfald- lega að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fólk með fötlun til jafns við aðra. Að sama skapi á hann að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisni þess. Samn- ingurinn felur í sér bann við hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggir fólki með fötlun jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun á öllum svið- um. Innleiðing samningsins í íslensk lög hefur tekið allt of langan tíma en nú sér loks fyrir endann á því. Í forsætisráðuneytinu er nú unnið að lögfestingu hans, sem og stofnunar Mannréttindastofnunar. Í liðinni viku var haldið á vegum félags- og vinnumarkaðsráðu- neytisins vel sótt samráðsþing. Þar voru kynnt drög að tillögum starfshóps fjölda samstarfsaðila um innleið- ingu og framkvæmd samningsins. Að mörgu er að huga þegar kemur að málefnum fólks með fötlun. Nefna má aðgengismál, bæði aðgengi að mannvirkjum en ekki síður aðgengi að hinum stafræna heimi, aðgengi að menntun og atvinnumál. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun er sérstaklega fjallað um réttinn til þess að afla sér lífsviðurværis með atvinnu og að vinnuumhverfi sé fólki með fötlun aðgengilegt og án aðgreiningar.

Samhliða verðum við sem samfélag að vera með- vituð um það að hluti fólks með fötlun mun reida sig á almannatryggingakerfið okkar. Samningurinn kveður á um rétt fólks til viðunandi lífskjara og áætlanir um að draga úr fátækt. Endurskoðun örorkulífeyriskerfisins stendur yfir og fritekjumark vegna atvinnutekna hefur nú þegar verið hækkað. Næstu skref verða að vera að samhliða því að einfalda örorkulífeyriskerfið verði greiðslur hækkaðar svo fólk með fötlun geti búið við mannsæmandi kjör. ■

„
Samn-
ingurinn
kveður á
um rétt
fólks til
viðunandi
lífskjara
og áæt-
lanir um að
draga úr
fátækt.



VEIÐIN HEFST 3. MARS

Veðiðmaðurinn Gunnar Bender býður landsmönnum í veiðiferð á Hringbraut.



HRINGBRAUT

Það er margt bréfið

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Fyrir rétttri viku birtist furðufrétt á Vísi. Settur ríkisendurskoðandi kvartar þar undan því að Alþingi hafi ekki birt greinargerð, sem hann í krafti embættisbréfs sendi þinginu fyrir margt löngu.

Ræður á Alþingi um þessa óbirtu greinargerð eru svo skáldsögu lík-astar.

Íslandsklukkan

Í Íslandsklukkunni greinir frá gömlum manni, sem kom á þingvöll innan úr hrauni fáum dögum eftir þinglausnir. Hann sagði við bifalingsmann konungs: „Skaparinn er nú samt sá sem ræður.“ Þegar konungsmaður sagðist hafa bréf upp á vald sitt sagði sá gamli: „Og það er nú margt bréfið.“

Bréf konungsfulltrúans fékk honum vald til að taka gamla koparklukkan á Lögréttuhúsinu á Þingvöllum og flytja í fjárhirslu konungs.

Embættisbréf setts ríkisendurskoðanda felur honum að athuga sölu ríkiseigna í Lindarhvoli og flutning þeirra verðmæta yfir í fjárhirslu fjármálaráðherra og bréfa svo til Alþingis það sem honum finnst vera satt og rétt um þá hluti.

Skipulag

Árið 2023 er eðlilegt að spurt sé: Hvernig má það vera að erindi sent Alþingi Íslendinga sé ekki talið eiga erindi til þess? Og hver getur dæmt í þeirri sök?

Samkvæmt þingskapalögum hefur forseti Alþingis það hlutverk að taka við og opna bréf sem þinginu berast. Hann skal einnig greina frá þeim á þingfundi.

Ákvæði þetta er sett í þingsköp til að koma í veg fyrir vandræðagang. Allir sjá hversu skoplegt það væri ef allir þingmenn vildu opna bréfin. Hitt væri svo grátbroslegt ef enginn þeirra teldi sér bera skyldu til þess. Ákvæðið hefur ekki annan tilgang en að hafa reglu og skipulag á þessu handverki.

Valdmörk

Erindi sem send eru Alþingi eru send öllum alþingismönnum. Þau eru þannig birt þjóðinni. Hvergi í lögum er heimild til þingforseta að leggja mat á hvort erindi er þess eðlis að enginn nema hann sjálfur megi lesa það.

Öll erindi sem Alþingi berast eru opinber skjöl, nema sendandi hafi með heimild í lögum mælt fyrir um annað.

Setji þingforseti erindi í leyndarskjallasafn án heimildar sendanda fer hann út fyrir valdheimildir sínar.

Berist Alþingi eitt bréf frá ríkisendurskoðanda og annað frá settum ríkisendurskoðanda um sama mál er ekkert við því að gera þótt það bæti litlum upplýsingum við eða virki ruglingslegt.

Ábyrgðin

Í lögum um ríkisendurskoðanda eru ákvæði, sem leggja á hans herðar að meta hvort tilteknar upplýsingar skulu bundnar trúnaði vegna annarra lögvarinna hagsmuna. Þá ábyrgð ber hann og enginn annar. Settur ríkisendurskoðandi hefur sömu sjálfstæðu stöðu.

Í þessu máli vill svo til að ríkisendurskoðandi, sem tók við embætti af þeim sem vék sæti við athug-



un á Lindarhvoli, lauk málinu með skýrslu. Hann virðist jafnframt hafa látið þá skoðun í ljós að ekki eigi að birta greinargerð setts ríkisendurskoðanda.

Ríkisendurskoðandi sendir Alþingi sína skýrslu. Hann hefur hins vegar enga lagaheimild til að leggja dóm á greinargerð setts sjálfstæðs ríkisendurskoðanda og því síður að ákveða að þar sé eitthvað, sem leynt eigi að fara. Það getur settur ríkisendurskoðandi einn.

Réttvísir

Geymi greinargerð setts ríkisendur-

Svo getur settur ríkisendurskoðandi endursent erindið til Alþingis í 63 eintökum, sem sérstaklega eru merkt hverjum þingmanni.

skaðanda upplýsingar, sem leynt eiga að fara lögum samkvæmt, var það brot fullframið um leið og hann setti bréfið í póst.

Forseti Alþingis getur ekki afstýrt því eftir á frekar en pósturinn.

Samkvæmt stjórnskipunarlögum um þrískiptingu valdsins er það hlutverk réttvísinnar, lögreglu og saksóknara, að meta hvernig með skuli fara þegar verknaður er fullframminn.

Ráð

Í frétt Vísis spyr settur ríkisendurskoðandi hvernig hann geti náð

rétti sínum. Tvennt sýnist vera til ráða:

Sérhver þingmaður á sama rétt og þingforseti til að lesa erindið. Það er til þeirra allra.

Svo getur settur ríkisendurskoðandi endursent erindið til Alþingis í 63 eintökum, sem sérstaklega eru merkt hverjum þingmanni.

Settur ríkisendurskoðandi hefur bréf upp á það sem honum ber að gera að lögum og upplýsa Alþingi. Í sögunni á Þingvöllum vék vísan gamals manns í alvald skaparans fyrir bréfi, þótt sjálf Íslandsklukkan ætti í hlut. ■



Aðalfundur Össurar hf.


verður haldinn með rafrænum hætti föstudaginn 10. mars 2023 kl. 09:00.

Tilkynna þarf um þátttöku á aðalfundinum eigi síðar en sunnudaginn 5. mars 2023 með tölvupósti á netfangið ir@ossur.com. Hluthafar geta nálgast dagskrá fundarins, fundargögn og nánari upplýsingar um aðalfundinn á heimasíðu Össurar: www.ossur.com/investors/AGM.

Til að geta tekið þátt í aðalfundinum og/eða nýtt atkvæðisrétt sinn, þurfa hluthafar að vera skráðir undir eigin nafni í hlutaskrá Össurar eða framvísa fullnægjandi staðfestingu á eignarhlut sínum frá þeirri fjármálastofnun sem er með hlutabréf þeirra í vörslu á safnreikningi. Hluthafar eru hvattir til að afla staðfestingar frá vörsluaðila sínum sem fyrst ef við á.

Skráðum hluthöfum er boðið að mæta á aðalfundinn sem verður streymt frá höfuðstöðvum Össurar að Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík. Umræður og atkvæðagreiðslur munu fara fram með rafrænum hætti.

FIMMTUDAGUR 23. febrúar 2023



Hafnarborg býður upp á listasmiðjur fyrir börnin í vetrarfríinu.

Listasmiðjur í Hafnarborg

jme@frettabladid.is

Hafnarborg býður grunnskóla-börnum í Hafnarfirði að taka þátt í skemmtilegum og skapandi listasmiðjum á vegum safnsins í vetrarfríi skólanna, í dag og á morgun. Smiðjurnar verða hvor með sínu sniðinu og gestum er velkomnið að taka þátt annan eða báða dagana.

Skúlpútar og plánetur

Fimmtudaginn 23. febrúar frá kl. 13-15 verður skúlpútsmiðja. Þátttakendur vinna með gips og búa til skúlpúta í anda listakonunnar Sóleyjar Eiríksdóttur en um þessar mundir stendur yfir sýning á verkum hennar í safninu. Sóley vann sjálf stærri skúlpúta sína með því að klæða burðargrind með steinsteypu. Leiðbeinandi er Unnur Mjöll S. Leifsdóttir, myndlistarmaður og sérfræðingur á skrifstofu Hafnarborgar.

Föstudaginn 24. febrúar kl. 13-15 verður plánetusmiðja þar sem þátttakendur vinna með ýmis litrík efni til þess að búa til sínar eigin plánetur sem breytast í snúningi og ljósi. Saman munu pláneturnar svo mynda sólkerfi sem lýsir upp „himinhvolfið“. Leiðbeinandi er Þórdís Erla Zoëga myndlistarmaður.

Smiðjurnar fara fram í Apótekinu á fyrstu hæð safnsins en mælst er til að börn mæti í fylgd fullorðinna. Þátttaka í listasmiðjum er gestum að kostnaðarlausu, líkt og aðgangur að sýningum safnsins. ■

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Viktor er nýtskrifaður hjúkrunarfræðingur og vinnur í fullu starfi á Landspítalanum þar sem hann segist alltaf fá góð viðbrögð við útliti sínu. Hann segist margbrotinn persónuleiki en skilningsrík manneskja og í hjúkrun upplifi hann tilfinninguna að líf hans hafi tilgang og að hann skipti máli. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vill ekki vera náttúrulegur í útliti

Viktor Andersen setti sér ungur markmið um að láta lýtalækna breyta andliti sínu og vekur athygli hvar sem hann fer. Hann er sáttur við spegilmyndina og segist hvergi hættur. **2**

thordisg@frettabladid.is

„Ætli mér sé ekki best lýst sem nokkuð margbrotnum karakter. Ég á það til að koma fólk á óvart því oft og tíðum hefur fólk myndað sér fyrir fram skoðanir á því hvaða mann ég hafi að geyma. Eflaust er ég misskilinn út af ásjónu minni, en þegar fólk kynnist mér kemur í ljós að ég er allt annar en það heldur. Þar að auki er ég með massíft „resting bitch face“ sem getur ruglað fólk. Ég reyni að koma vel fram við alla, en fólk ætti þó ekki að taka því sem veikleika því það er alls ekki hægt að vaða yfir mig. Ég veit hvað ég vil og er mjög ákveðinn; alls enginn bullukollur og segi hlutina eins og þeir eru.“

Þetta segir Viktor Andersen, 33 ára Seyðfirðingur og hjúkrunarfræðingur.

„Ég er einkabarn en á tvö hálf-systkin sem fæddust löngu á eftir mér. Ég var alinn upp af einstæðri móður minni og ömmu, en hef líka alltaf átt góð tengsl við föður minn. Mamma og amma voru vanar að hafa mig vel tilhafðan og ég man eftir mér fimm ára í

skyrtnu og vesti við finni tilefni. Ég var líka oftast en ekki settur í svarta eða hvíta rúllukragapeysu sem hefur fylgt mér inn í fullorðinsárin, og var yfirleitt vatnsgreiddur þegar og ef ég leyfði því að vera í friði.“

Með stóran persónuleika

Viktor er spurður hvort fötin skapi manninn.

„Nei, ég hef aldrei verið sammála því orðatiltæki. Það er persónan sem skapar manninn. Vitaskuld er hægt að tjá sig með klæðaburði, en það segir ekkert til um það hvaða mann fólk hefur að geyma. Maður getur því verið flottasta týpa í heimi en samt algjör skíthæll. Þess vegna þarf að horfa dýpra en bara á yfirbragð fólks,“ svarar Viktor.

Í menntaskóla var hann kosinn sá best klæddi þrjú ár í röð.

„Ég er allt frá „posh spice“ til „sport spice“. Ég nýt þess að vera finn til fara og klæða mig upp á við öll tilefni. Ég er mjög mikið í „preppy country club“-stíl en líka í sportlegum stíl. Ég elska einlitan fatnað og lifi fyrir flotta gervipelsa, en það sem einkennir mig eru rúllukragapeysur. Sé ég í vafa er rúllukragapeysa alltaf öruggt val. Ég kaupi sjaldan litríkan fatnað, frekar hvítan, svartan, gráan og brúnan. En ég elska að tjá mig með mismunandi hætti og finnst gaman að ögra staðalímyndum, er oft að „genderbenda“ hlutina og ekki þekktur fyrir að sigla á milli skers og báru.“

Viktor er með sex húðflúr.

„Eitt þeirra er portrett af ömmu, sem mér þykir rosalega vænt um. Svo er ég meira gull en silfur í skarti, og elska perlur. Ég á eitt úr sem ég hef notað í sjö ár og verið nægjusamur með það. Ég nota hringi lítið sem ekkert. Það skrifast á hjúkkuna í mér, því þar safnast sýklarnir,“ segir Viktor.

Í fataskápnum eru Moschino-inniskórnir í mestu dálæti.

„Þeir eru dæmigerðir fyrir mitt lúkk og óskra Viktor Andersen,“ segir Viktor og hlær.

Hann notar ilminn Super Cedar frá Byredo. „Ég er mjög kresinn á ilm-vötn, var lengi að ákveða þennan ilm og það þarf mikið til að mér finnst ilmur góður.“

Honum líður best í svartri rúllukragapeysu við svartar buxur og hvíta strigaskó.

„Það er mitt lúkk í grunninn. Ég er þó oftast það finn að fólk tekur eftir mér og ég sker mig úr fjöldanum, ekki bara út af fötonum heldur líka því hvernig ég mála mig og hef mig til. Svo er ég með stóran persónuleika sem fer ekki framhjá neinum,“ segir Viktor sem sannarlega fangar augað.

Besta tiskuráðið sem honum hefur hlotnast er:

„Ef þú ert í vafa, hafðu hlutina einfalda og veldu svart. Yngri hefði ég þó viljað vera meðvitaðri um gæði og að kaupa ekki drasl sem eyðileggst strax. Ég klæddi mig oftast vel sem unglingur en stundum leit ég út eins og ódýr mella á djammínu. Það er still sem ég færi aldrei aftur í og var mjög druslulegur.“

Viktor kveðst vera alæta á ákveðin tiskutímabil.

„Ég elska níunda og tíunda áratuginn, og finnst margt flott frá árunum eftir 1950 og 1920.

Mér finnst „old money“-filingur líka mjög töff.“

Spurður hvaða frægu mann-



Viktor var kosinn best klæddi nemandinn í menntaskóla, þrjú ár í röð. Hann elska að klæðast rúllukragabolum og gervipelsum og þykir einna vænst um Adidas vintage-fötin sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Margir halda að ég eigi við vandamál að stríða úr því ég er að þessu, en það er ekki raunin. Ég hef viljað þetta síðan ég vissi hvað lýtalækningar eru.

Þarfir einstaklingsins eru, en þar er margt sem þarf að huga að. Ég mynda jafnframt alltaf góð tengsl og samskipti við aðstandendur og reyni að mæta þeim þar sem þeir eru, því ég tel mig vera skilningsríkan einstakling.“

Ég skipti máli-tilfinningin

Viktor útskrifaðist úr hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands á dögunum.

„Ég lærði hjúkrunarfræði því ég vil hafa alvöru tilgang í þessu lífi fyrir sjálfan mig. Ég vil leggja mitt af mörkum til samfélagsins og líða eins og ég sé að bæta við gæðum í þetta líf. Þegar ég var ekki að vinna á hjúkrunarheimili eða Landspítalanum fannst mér ég ekki vera að sinna mínum tilgangi. Starfinu fylgir svo mikil velliðan, að geta hjálpað öðrum eins vel og manni er unnt. Ég hlakka því alltaf til að fara í vinnuna og leggja mitt af mörkum. Þá upplifi ég þessa „ég skipti máli“-tilfinningu,“ segir Viktor, sæll í sínu starfi.

Spurður um styrkleika sína sem hjúkrunarfræðingur, svarar Viktor:

„Ég hef mjög gott auga fyrir smáatriðum og því að sjá hverjar

vandamál að stríða og það hljóti að vera af andlegum toga úr því ég er að þessu, en það er ekki raunin. Ég hef viljað þetta síðan ég vissi hvað lýtalækningar voru. Ég er því mjög sáttur með hvernig ég lít út núna, en ég vil miklu meira og hef nú meiri tíma til að fara í þær aðgerðir sem ég stefni að á komandi tímum.“

Í upphafi lýtaaðgerðanna segist Viktor ekki hafa haft ákveðið andlit í huga.

„Nei. Ég var aldrei að reyna að vera annar eða sækjast eftir útliti annarra. Ég vildi bara ýkta útlit sem hentar mínu andliti og hugmyndunum sem ég hafði í huga.“

Hann segir líf sitt hafa breyst til batnaðar eftir að hann ákvað að láta breyta andliti sínu.

„Já, því í dag er ég sáttari með sjálfan mig og finnst ég vera í meira samræmi við minn innri mann og hvernig ég vil tjá mig útlitslega séð. Ekki að það skipti máli, en að auki er ég nú að fá miklu meiri athygli frá strákum. Kannski það sé vegna aukins sjálfstrausts míns sem fylgdi í kjölfar útlitsbreytinganna sem ég hef farið í gegnum,“ segir Viktor.

Í starfi sínu á Landspítala og á hjúkrunarheimilum áður segist Viktor alltaf hafa fengið góð viðbrögð við útliti sínu.

„Fæstir munu skilja hvers vegna ég fór þessa leið, en ég vil ekki vera náttúrulegur í útliti. Þetta er bara ákveðin yfirlýsing og það að leggja stundir undir hnif lýtalækna tengist ekki hækkandi aldri, enda var ég bara sautján ára þegar ég vildi verða ýktari í útliti. Þetta snýst því um að breyta ásýnd minni, en ekki að halda í æskuna,“ útskýrir Viktor í einlægni.

Hann kveðst sáttur við spegilmynd sína.

„Margir halda að ég eigi við

vandamál að stríða og það hljóti að vera af andlegum toga úr því ég er að þessu, en það er ekki raunin. Ég hef viljað þetta síðan ég vissi hvað lýtalækningar voru. Ég er því mjög sáttur með hvernig ég lít út núna, en ég vil miklu meira og hef nú meiri tíma til að fara í þær aðgerðir sem ég stefni að á komandi tímum.“

Í upphafi lýtaaðgerðanna segist Viktor ekki hafa haft ákveðið andlit í huga.

„Nei. Ég var aldrei að reyna að vera annar eða sækjast eftir útliti annarra. Ég vildi bara ýkta útlit sem hentar mínu andliti og hugmyndunum sem ég hafði í huga.“

Hann segir líf sitt hafa breyst til batnaðar eftir að hann ákvað að láta breyta andliti sínu.

„Já, því í dag er ég sáttari með sjálfan mig og finnst ég vera í meira samræmi við minn innri mann og hvernig ég vil tjá mig útlitslega séð. Ekki að það skipti máli, en að auki er ég nú að fá miklu meiri athygli frá strákum. Kannski það sé vegna aukins sjálfstrausts míns sem fylgdi í kjölfar útlitsbreytinganna sem ég hef farið í gegnum,“ segir Viktor.

Í starfi sínu á Landspítala og á hjúkrunarheimilum áður segist Viktor alltaf hafa fengið góð viðbrögð við útliti sínu.

„Ég hef aldrei orðið fyrir forðomum né fengið neikvætt viðmót vegna útlits míns. Ég hef fengið meiri gagnrýni á húðflúrinn mín frá eldri kynslóðinni, en samt sárasjaldan, og fáeinar eldri konur hafa spurt út í varirnar mínar. Mér er alltaf tekið vel. Í vinnunni er ég reyndar miklu minna málaður svo kannski er ekki alltaf tekið eftir því, en ég hef aldrei fengið athugasemdir um það. Bara um hversu sætur ég sé,“ segir Viktor og hefur gaman af. ■



ZE ZE Grof tunika
Fleiri litir til
Stærðir 38-48
Verð 12.990 kr



COLETTA Scartlett skyrta
Stærðir 44-56
Verð 15.980 kr



YESTA Barbora skyrta
Fæst líka í ljósbláu
Stærðir 44-50
Verð 10.980 kr



ZHENZI Cadence stuttermatunika
Stærðir 42-52
Verð 10.990 kr



SUNDAY Juliette kvartermabolur
Fæst líka í bleiku
Stærðir 38-50
Verð 9.980 kr

yesta

yest

no^{secret}

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

Q'UE



GOZZIP Pil síð tunika
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr



STUDIO Mynte peysjakki
Stærðir 38-52
Verð 19.980 kr



SANDGAARD Helsinki síð peysa
Fleiri litir til
Stærðir 36-54
Verð 13.980 kr



GOZZIP Johanne skyrtukjöll
Fleiri litir til
Stærðir 36-56
Verð 15.980 kr



STUDIO Rose peysa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-56
Verð 10.980 kr

SUNDAY
by Godske

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

tamaris

GOZZIP

HABELLA

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



NORMANN útivistarjakki
Fleiri litir til
Stærðir 38-52
Verð 35.980 kr



FRANSEN úlpa/vendingur
Stærðir 38-52
Verð 33.980 kr



FRANSEN léttþúnúlpá
Fleiri litir til
Stærðir 38-54
Verð 23.980 kr



FRANSEN léttþúnvesti
Fleiri litir til
Stærðir 40-54
Verð 18.980 kr



FRANSEN úlpa
Fleiri litir til
Stærðir 38-54
Verð 29.980 kr

Verzlunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Fimmtán ára og hannaði eigin fatalínu í Covid

Bjarni Gabriel Bjarnason er aðeins 15 ára gamall og hefur nú þegar hannað eigin fatalínu og lógó. Hann brennur fyrir því að elta drauma sína og einsetur sér að ná markmiðum sínum. Þegar kemur að því að velja sér fót hefur Bjarni Gabriel ávallt haft sterkar skoðanir á því hvernig fötum hann vill klæðast.

sjofn@frettabladid.is

Bjarni Gabriel er fjölhæfur og sterkur persónuleiki. Hann stundar nám í 9. bekk í Árbæjar-skóla. Áhugamálin eru fyrst og fremst fótbolli, box, leiklist og að semja sína eigin tónlist. „Síðastliðin fimm ár hef ég unnið mikið fyrir leikhús og sjónvarp samhliða skólanum. Ég brenn fyrir því að fólk fái tækifæri og hvatningu til að elta drauma sína og ná markmiðum, að láta ekki aðra stoppa sig í því. Það þurfa ekki allir að vera eins,“ segir hann.

Spurður segir Bjarni að fatalínan hafi orðið að raunveruleika á meðan Covid-bylgjan stóð hæst. „Í Covid var ég mikið heima og fór að skoða hvar ég gæti látið gera fyrir mig fót sem mig langaði í en fann ekki í verslunum. Ég fann alls konar framleiðendur og svo byrjaði ég að búa til lógó og hanna útlit sem mér finnst flott með forriti sem ég fann á netinu. Ég var lengi að hugsa þetta og breytti nokkrum sinnum um nafn á fatalínunni minni en svo ákvað ég að það væri kominn tími til að hefja sölu á fatalínunni eftir tveggja ára ígrundun, nafnið var komið og ég kominn með fyrstu sendinguna, svo mun eitthvað nýtt bætast við á næstu vikum.“

Gabriel táknrænt nafn

Bjarni Gabriel segist hafa fengið innblástur úr fjölmiðlum og á netinu. „Ég var búinn að hugsa þetta lengi og fara nokkra hringi með en ég hef alltaf trúað því að maður eigi að setja markið hátt og helst að stjórnum, þess vegna eru stjörnur á bakinu til að minna fólk á að gefast aldrei upp. Það er allt hægt með rétta hugarfarinu og viljann að vopni.“

Fatalínan heitir einfaldlega Gabriel og hefur flotta skírskotun. „Gabriel er táknrænt, tengist oft trú en þýðing þess er sterk og gefandi manneskja. Ég trúi því að allir hafi þannig manneskju inni í sér, maður þarf bara að finna hana og hjálpa henni að skína. Ég nota grískt G í línunni sem táknar sterka manneskju. Þetta er götutískulína sem allir geta verið í bæði í skólum og í frítíma.“

Bjarni hefur sterka skoðun á því hverju hann vilji klæðast. „Ég byrjaði mjög ungur að velja fót sem ég fór í hvern dag. Ég meira að segja valdi nærholina mína sjálfur. Ég kaupir mér mikið af fötum sjálfur en ég hef verið duglegur að vinna síðastliðin ár. Ég sel síðan oft fötin mín í gegnum Facebook og kaupir notuð fót á móti. Þannig er maður að endurvinnna og allir græða.“

Aron Can fyrirmynd

Bjarni Gabriel á sér fyrirmyndir, bæði á Íslandi og erlendis. „Sem dæmi þá er Aron Can tónlistarmaður ein af mínum fyrirmyndum, sömuleiðis tónlistarmaðurinn Central C og körfuboltaaðurinn Shai Alexander auk Pharell Williams sem er nýr listrænn stjórnandi hjá Louis Vuitton en ég



Bjarni Gabriel Bjarnason lét drauminn rætast og hannaði sína eigin fatalínu. Fatalínan ber heitið Gabriel og er það táknrænt í heiminum og táknar oftast trú, þýðing þess er sterk og gefandi manneskja, sem lýsir Bjarna vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Rauði liturinn er einn uppáhaldslitur Bjarna og hér skartar hann svartri hettupeysu með rauðu lógói.



Peysurnar eru þægilegar og töff og eiga vel við bæði í skóla og frítíma. Litirnir tímalausir og lógóið töff og undirstrikar persónuna bak við línuna.



get talið upp marga fleiri.

Ég á mörg uppáhaldsmerki þegar kemur að fatnaði. Ég er hrifinn af öllum þessum nýju merkjum sem þora að gera öðruvísi hluti eins og til dæmis Billioner Boys Club, Corteiz og svo finnst mér Reykjavík Roses vera að gera mjög flotta hluti.

Ómissandi að eiga Salomon gönguskó

Bjarni Gabriel á líka uppáhaldsliti. „Ég myndi segja að rauður væri minn uppáhalds en ég á auðvitað mikið í svörtu líka eins og margir á Íslandi.“

Þegar Bjarni Gabriel er spurður út í skótískuna og fylgihluti og hvort það sé eitthvað sem honum finnst ómissandi að eiga stendur ekki á svörum. „Í dag finnst mér alveg ómissandi að eiga Salomon gönguskó, eitt par af Birkenstock og mikið af strigaskóm til skiptanna. Ég nota fylgihluti eins og armbönd, hálsmen, eyrnalokka og hringi

Línan hans Bjarna Gabriels hefur sterka skírskotun í hans eigin fatastil og er bæði töffaralega og þægileg. Litirnir eru hans uppáhalds eins og svartur með hvítu lógói. Stjörnur á bakinu eru líka táknrænar.

en ég er einmitt að undirbúa spennandi verkefni tengt fylgihlutum,“ segir hann kíminn.

En hvernig ætli Bjarni Gabriel sjái framtíðina fyrir sér? Langar þig að vera hönnuður og byggja upp stórt tískuhús í framtíðinni?

„Já, mig langar að halda mig við fötin og stækka markið mitt enda er tíska áhugamál mitt en ég er auðvitað líka í fótbolta sem ég elska og svo er ég alltaf að búa til tónlist. Vonandi get ég bara unnið við þetta allt saman í framtíðinni, það er draumurinn. Til að ná markmiðum verður maður að vera mjög skipulagður og agaður og til að gera hlutina vel þarf að setja allan tímann í það,“ segir Bjarni Gabriel að lokum. ■

Hægt er að fylgjast með því sem Bjarni Gabriel er að gera á Instagram-síðunni hans @gabrielclot-hin og vefsíðan hans er: www.gabrielclot.in.myshopify.com

Viltar og fjörugar á gamals aldri

Diane Keaton og vinkonur hennar, Jane Fonda, Candice Bergen og Mary Steenburgen hafa gert framhald af kómísku bíómyndinni Book Club. Myndin verður frumsýnd 12. maí, aðdáendum þessara frábæru leikkvenna til ánægju.

elin@frettabladid.is

Diane Keaton er 77 ára gömul þótt ekki sjáist það á útlitinu. Jane Fonda er 84 ára, Candice Bergen er 76 og Mary Steenburgen varð sjötug þann 8. febrúar. Þótt þær teljist komnar af léttasta skeiðinu eru þær allar sprellfjörugar og skemmtilegar leikkonur.

Saman mynda þær góðan vinkvennahóp í myndunum. Book Club fjallar um þessar góðu vinkonur sem eru saman í bóka-klúbbi. Þær lesa 50 gráa skugga og í framhaldinu ákveða þær að krydda líf sitt með mörgum kómískum uppákomum.

Myndin þótti vel heppnuð og var vinsæl í kvikmyndahúsum þegar hún var fyrst sýnd 2018.

Í nýju myndinni fer klúbburinn í kvannaferð til Ítalíu þar sem þær fara á kostum jafnt í Fenejjum og Róm. Þegar hlutirnir fara úr böndunum og leyndarmál koma í ljós breytist afslappað frí í einstakt ævintýri.

Þegar fyrri myndin var tekin höfðu þær aldrei leikið saman og segja að það hafi verið stórkostlega gaman að vinna að þessum tveimur bíómyndum. „Það gerðist eitthvað á milli okkar. Við reyndumst eiga margt sameiginlegt og svo margt að tala um,“ sagði Mary Steenburger í viðtali í bandarískum útvarpsþætti. „Við erum orðnar sannar vinkonur.“

Karlarnir líka frægir

Með önnur hlutverk í myndinni fara Andy Garcia, Don Johnson og Craig T. Nelson auk fleiri.

Diane Keaton hefur leikið í fjölmörgum vinsælum kvikmyndum.



Diane Keaton er glæsileg kona og eftirsótt leikkona en hún fagnaði 77 ára afmæli fyrir stuttu. Hér er hún í smóking frá Ralph Lauren og með hatt í stíl. Diane gengur yfirleitt með hatta.



Sú elsta í hópnum (Jane Fonda) stefnir á trúlofun í myndinni og því fagna vinkonurnar ógleymanlega.

Hún hefur leikið allt frá árinu 1968 er hún lék í Hair á sviði í Broadway. Hún hlaut Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í Annie Hill, kvikmynd Woody Allen, en hlutverkið er eitt það þekktasta sem hún hefur leikið. Woody byggði myndina að hluta til á þeirra eigin sambandi. Þau léku saman í átta kvikmyndum og Keaton hefur sagt að Woody sé einn af sínum nánustu vinum.

Ótal verðlaun

Diane hefur hlotið ótal verðlaun í gegnum tíðina, fékk til dæmis Tony-verðlaunin fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Play It Again, Sam. Þá var hún óborganleg í kvikmyndinni Something's Gotta Give



Vinkonurnar í Book Club 2 lenda í miklum ævintýrum í Fenejjum.

Þegar hlutirnir fara úr böndunum og leyndarmál koma í ljós breytist afslappað frí í einstakt ævintýri.

Þar sem hún lék á móti Jack Nicholson og Keanu Reeves.

Diane hefur leikið fjölmörg ástarævintýri á hvíta tjaldinu en sjálf hefur hún verið einhleyp í 15 ár. Rómantísk hlutverk hennar hafa stundum endað með sambandi við meðleikara. Hún var um tíma með leikaranum Al Pacino og sömuleiðis Warren Beatty. Keaton ættleiddi tvö börn en hún ákvað að verða móðir þegar hún var um fimmtugt.

Sannkölluð tiskudama

Diane Keaton hefur gert margt spennandi í gegnum árin, hún er ekki einungis kvikmyndastjarna heldur hefur hún skrifað nokkrar bækur og verið fyrirmynd á tiskusviðinu. Hún hefur leikið í fjölmörgum kvikmyndum og er enn á fullu þótt hún nálgist áttætt. Ein sú nýjasta er gamanmyndin Mack og Rita. Þar segir frá þrítugri stelpu sem eyðir villtri helgi í Palm Springs og vaknar upp orðin sjötug. Diane Keaton hefur yfir tvær milljónir fylgjenda á Instagram. ■

Hárfínir og smart hunangsstraumar

jme@frettabladid.is

Þegar stjörnur úti í heimi klippa sig þá logar allt í tiskuheiminum, ekki síst þegar stjórnur á borð við Hailey Bieber splæsa í nýtt hár á nýju ári og nú síðast nýjan háralit. Hailey Bieber er ein þeirra sem virðist alltaf vera á undan tiskubylgjunnunni eins og tiskutímaritíð Harper's Bazaar orðar það, en ofurfyrirsætan hefur látið brúnu lokkana fjúka fyrir hunangslitáða, stutta bob-klippingu.

Nýtt ár – nýtt hár
Brúna hárið síða sem hún hefur skartað í þó nokkurn tíma hefur verið vinsæll innblástur fyrir tiskumedvitaða upp á síðkastið. Sama gildir um bob-klippinguna sem hún lét klippa á sig í janúar síðastliðinn. Síðustu helgi frumsýndi Bieber svo



nýjan háralit, eins konar karamellutón sem hárstilistinn Matt Rez, snillingurinn á bak við nýja háralitinn, kallar hunangsstrauma eða „honey-vibes“. Liturinn er nokkuð ljósari og hlýrri tónn en náttúrulegur háralitur Bieber og setur punktinn yfir i-íð á nýju hárlúkki fyrir-sætunnar. Búist er við að klippingin og háraliturinn verði vinsæll á næstu mánuðum enda er hlýr karamellutóninn einstaklega klæðilegur. ■

Fyrirsætan Hailey Bieber frumsýndi þennan hunangsglóandi háralit um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Léttari lund,
alla daga
MAG-YOUR-MIND®
vinnur gegn streitu og
skerpir hugsun



300 mg
Magnesíum bisglýsínat



5 mg
B6 vítamín



200 mcg
B9 vítamín (fólínsýra)



100 mg
Burnirót



75 mg
Schisandra



GOOD ROUTINE® fæst í Apótekanum, Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Lyf og heilsu og á goodroutine.is

Litríkir skór á Stjörnuhelgi NBA-deildarinnar

Stjörnuhelgi NBA-deildarinnar fór fram síðustu helgi. Hápunktur hennar er Stjörnuleikurinn en auk hans er boðið upp á marga skemmtilega viðburði. Lítum á nokkur falleg skópör sem sást um helgina.

starri@frettabladid.is

Árleg Stjörnuhelgi NBA-deildarinnar fór fram í Salt Lake City-borg í Utah síðustu helgi. Stjörnuleikurinn fór fram á sunnudag þar sem lið Giannis Antetokounmpo vann 184-175 sigur gegn liði LeBron James.

Jayson Tatum, leikmaður Boston Celtics, var valinn besti maður leiksins en hann setti nýtt stigamet þegar hann skoraði 55 stig. Eins og oft áður klæddust margir leikmenn sérstökum skóm um helgina á ólíkum viðburðum sem vöktu mikla athygli. Lítum á nokkur litrík og skemmtileg skópör. ■



Jaylen Brown, leikmaður Boston Celtics, mætti til leiks í dökkum Nike skóm.



Evan Mobley frá Cleveland Cavaliers klæddist þessum fallegu blárauðu Adidas-skóm í Leik hinna risandi stjarna.



Kyrie Irving, nýr leikmaður Dallas Mavericks, sást í þessum mjög óvenjulegu skóm um helgina.



Kyrie Irving, leikmaður Dallas Mavericks, klæddist tvennum skrautlegum skópörum í Stjörnuleiknum. Hér er annað þeirra sem telst ansi óvenjulegt.

Benedict Mathurin, nýliði Indiana Pacers, hefur spilað frábærlega vel í vetur. Hann spilaði í þessum fallegu Adidas-skóm um helgina.




FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Damian Lillard, leikmaður Portland Trailblazers, klæddist þessum litríku skóm í leiknum. Daginn áður sigraði hann þriggja stiga skotkeppnina.

Ástralinn Josh Giddey, sem leikur með Oklahoma City Thunder, mætti vel skóaður í Leik hinna risandi stjarna.



Besti leikmaður Stjörnuleiksins 2023 var Jayson Tatum, leikmaður Boston Celtics, sem skoraði 55 stig og setti um leið nýtt stigamet.

Joel Embiid, stjörnu-miðherji Philadelphia 76ers, lék með liði LeBron James í Stjörnuleiknum. Hann klæddist þessum litskrúðugu skóm í honum.

Mundu eftir þér á hverjum degi!

Brosandi með burnirót

Náttúruleg & kröftug
blanda fyrir aukna orku
& hamingju

Íslensk burnirót
með einstaka virkni



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSADSTOD - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtalsaðstöð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf Kirkjunnar

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Þjónustuauglýsingar Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Friða, www.reisum.is

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullklárud.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Friða
www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

Íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga

augl@frettabladid.is



Umhverfismat framkvæmda

Ákvörðun um matsskyldu

Rannsóknarboranir við Reykjanesvirkjun, Reykjanesbæ

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 27. mars 2023.



Umhverfismat framkvæmda

Matsáætlun í kynningu

Efnistaka að Gandheimum, Hvalfjarðarsveit

Námufjélagið ehf. hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats efnistöku að Gandheimum í Hvalfjarðarsveit.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is og liggur einnig frammi á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, Hagamel, Hvalfjarðarsveit.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **24. mars 2023** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.



ÍSAFJARÐARBÆR

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Torfnæs, Ísafirði -Stækkun á hjúkrunarheimilinu Eyri

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 2. febrúar 2023 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Torfnæs skv. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga 123/2010.

Breytingin felst í því að lóðarmörkum og byggingarreitum lóða A og B er breytt til að auka svigrúm fyrir fjórðu álmu hjúkrunarheimilisins Eyri. Einnig gert ráð fyrir að auka svigrúm fyrir útivist og íþróttir við suðurmörk lóðar B.

Tillagan er aðgengileg á bæjarskrifstofum og á síðu Ísafjarðarbæjar: www.isafjordur.is.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 11. apríl 2023 að Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði eða á skipulag@isafjordur.is

f.h. skipulagsfulltrúa

Helga Þuríður Magnúsdóttir
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita
að þér?

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill
að árangri allra fyrirtækja.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Pennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Stuðningur við brjóstagjöf aðeins fyrir höfuðborgarsvæðið



Þórunn Pálsdóttir
hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir



Hildur A. Ármannsdóttir
hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir

Rannsóknir sýna ótvírætt kosti brjóstagjafar bæði fyrir móður og barn. Fyrir móðurina má nefna að það eru minni líkur á fæðingarþunglyndi og lægri tíðni krabbameina í kvenliffærum. Ef barn er á brjósti þá eru minni líkur á sýkingum, ofnæmi, bólgusjúkdómum í þörmum og færri komur eru á sjúkrahús hjá börnum undir 1 árs aldri. Það að brjóstagjöf gangi vel er lýðheilsuáhrif og ef einhver vandamál eru til staðar er langoftast hægt að leysa þau með videigandi stuðningi frá brjóstagjafaröðgjafa. En búa fjölskyldur á Íslandi við jafnræði þegar kemur að stuðningi við brjóstagjöf?

Í rammasamningi um heimaþjónustu ljósmæðra við Sjúkratryggingar Íslands getur heilbrigðisstarfsmaður óskað eftir vitjun brjóstagjafaröðgjafa til kvenna sem eiga í erfiðleikum með brjóstagjöf. Eins og staðan er í dag hafa konur á landsbyggðinni ekki getað nýtt sér þessa þjónustu þar sem enginn brjóstagjafaröðgjafi er starfandi utan höfuðborgarsvæðisins.

Það er mikilvægt fyrir konur sem vilja vera með barn sitt á brjósti að þær eigi farsæla brjóstagjöf og fái viðunandi stuðning til þess. Í dag er staðan sú að konur búsettar á landsbyggðinni þurfa sjálfar að greiða fyrir þjónustu brjóstagjafaröðgjafa eða fara um langan veg til Reykjavíkur til þess að fá aðstoð.

Í febrúar á síðasta ári hófum við

því að sækja um leyfi til Embættis landlæknis fyrir fjarheilbrigðisþjónustu fyrir konur sem búa út á landi og þurfa á brjóstagjafaröðgjöf að halda. Eftir mikla vinnu við umsóknina, ótal tölvupósta og fund með Embætti landlæknis fengum við leyfi í september síðastliðnum. Til þess að geta veitt þessa þjónustu þurfum við að vera með viðurkennt forrit (Kara connect), viðurkennda starfsstöð (Björkin, ljósmæður) og starfa eftir ákveðnum skilmálum. Um leið og leyfi frá Embætti landlæknis var í höfn hófust viðræður við Sjúkratryggingar Íslands að bæta þessum lið inn í rammasamning um heimaþjónustu ljósmæðra.

Sjúkratryggingar greiða í dag brjóstagjafaröðgjöfum 14.268 kr. fyrir vitjun til kvenna í heimahús. Við gerðum ráð fyrir að sama myndi gilda fyrir ráðgjöf í gegnum fjarfundabúnað. Staðan er hins vegar sú að fagaðilar innan Sjúkratrygginga telja að þjónusta sem þessi taki ekki jafn langan tíma og eru tilbúin að greiða hálf gjalld eða 7.134 kr. fyrir skiptið. Þessum skilmálum Sjúkratrygginga fyrir þjónustuna getum við ekki gengið að. Við þurfum að vera með starfsstöð til að taka þessi viðtöl í fjarfundabúnaði og þar af leiðandi þurfum við að greiða leigu fyrir aðstöðu okkar. Auk þess fylgir kostnaður við að vera með viðurkennt forrit eins og Kara connect sem þarf að greiða af í hverjum mánuði. Þar sem ekki hefur tekist að semja við Sjúkratryggingar Íslands um videigandi gjald fyrir fjarþjónustu þarf að vísa konum frá og það þykir brjóstagjafaröðgjöfum mjög ósanngjarnt, að mismuna barnafjölskyldum eftir búsetu. Það að þær geti ekki fengið sömu þjónustu og konur á höfuðborgarsvæðinu hlýtur að brjóta jafnræðisstefnu stjórnvalda.

Ef við skoðum aðeins aðra rammasamninga sem Sjúkratryggingar Íslands hafa gert; Sálfræðimeðferð fjarþjónusta 60 mín. – alls 18.250 kr.

Meðferð talmeinafræðings 60 mín. – alls 16.185 kr.

Viðtal ljósmóður/brjóstagjafaröðgjafa 60 mín. – alls 7.134 kr.

Við getum ekki annað en velt fyrir

”
Eins og staðan er í dag hafa konur á landsbyggðinni ekki getað nýtt sér þessa þjónustu þar sem enginn brjóstagjafaröðgjafi er starfandi utan höfuðborgarsvæðisins.

okkur um hvað þetta mál snýst og er það tvennt að okkar mati:

Í fyrsta lagi spyrjum við okkur hver réttur kvenna á landsbyggðinni er. Er ekki réttur þeirra að hafa sama aðgang að þeirri heilbrigðisþjónustu sem hægt er að veita hverju sinni og það sé ekki verið að skerða þá þjónustu við ákveðin tímamörk því það sé mat fagaðila innan Sjúkratrygginga að þjónusta eigi ekki að taka lengri tíma?

Í öðru lagi snýst þetta um kjör sjálfstætt starfandi ljósmæðra. Af hverju eru verktakalaun ljósmæðra um helmingi lægri ef miðað er við laun annarra sérfræðinga eins og sálfræðinga og talmeinafræðinga líkt og sést hér að ofan? Flestar ljósmæður hér á landi eru með 4 ára hjúkrunarfræðimenntun og 2 ára framhaldsnám í ljósmóðurfræði. Því til viðbótar hafa brjóstagjafar bætt við sig námi í brjóstagjafaröðgjöf sem er alþjóðlegt próf. Við þurfum að sýna fram á endurmenntun á 5 ára fresti og endurtaka prófið á 10 ára fresti sem við höfum gert. Eru launin lág af því að ljósmæður á Íslandi eru allar konur og skjólstaðingurinn kona?

Nú skorum við á heilbrigðisráðherra og Sjúkratryggingar Íslands að gera viðunandi samning við ljósmæður/brjóstagjafaröðgjafa sem eru aðilar að rammasamningnum líkt og við aðrar sambærilegar stéttir með samning við Sjúkratryggingar Íslands. ■

Hin sautján kyn þessarar þjóðar



Sighvatur Björgvinsson
fyrirv. alþingismaður – afsakið alþingismanneskja

Mikill er vandi vorrar þjóðar. Okkur er sagt, að hún eigi sér 17 kyn. Sé sautján kynja! Ekki veit ég hvað öll þau kynin heita – en sautján eiga þau að vera. Og tungumálið okkar á sér aðeins þrjú kyn – karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn. Hvernig á svo þjóðin að geta tjáð sig rétt? Tekið í töluðu og rituðu máli rétt tillit til kynjanna sautján. Til þess þarf mikla hjálp. Frá emeritus próffessorum. Frá RÚV-málfarsráðunautum. Frá meðvituðum alþingismönnum. Frá okkur öllum hinum. Segjum rétt! Tölum rétt!

Maður ekki við hæfi

„Maður ársins“ var og er ekki við hæfi. Karlkyns! „Manneskja ársins“ er skárri. Nær að vísu ekki kynjunum sautján en hún manneskjan þó skömminni til skárri en hann maðurinn. Er a.m.k. ekki karlkyns. Og lausnir alþingismanna? Fyrirgefið alþingismanneskja? Fiskari í staðinn fyrir fiskimaður, sjóari í staðinn fyrir sjómaður ... og blaðrari í staðinn fyrir blaðmaður. Miklu skárri? Og þó. Hann fiskarinn, hann sjóarinn og hann blaðrarinn – er þetta ekki allt sama tóbakið? Séð frá sjónarhóli sautján kynja. Vanvirðing við hin sextán kynin? Og hvað um málfarsráðunaut RÚV. Nú er þar um að ræða ekki hann heldur hana. Það er ekki hægt að kalla þá trúnaðarmanneskju RÚV karlkynsheitinu „naut“. Ráðunaut?! Varla heldur „kvígu“ eða „kú“ En hvað um málfarsráðunautgrip? „Málfarsráðunautgripur RÚV“? Eða málfarsmanneskja RÚV? Seinna miklu best. Eða hvað segja próffessorar emeritus?

Enska lausn

Lausn RÚV á þessu mikla vandamáli er miklu meira við hæfi. Fylgir þjóðarviljanum. Þar sem allir veitingastaðir á Laugaveginum nefna sig nú orðið enskum nöfnum. Sama máli gegnir um flesta veitingastaði víðar um og utan höfuðborgarinnar. Þar hefur íslenski málfarsvandinn verið leystur með enskunn. Líka inni á veitingastöðunum þar sem gestum er þjónað til borðs. Líka á hótélunum þar sem tekið er á móti gestum. Líka í



„Maður ársins“ var og er ekki við hæfi. Karlkyns! „Manneskja ársins“ er skárri.

strætisvögnunum þar sem vagnstjórar segja til vegar. Enginn próffessor emeritus gerir athugasemdir við það. Ekki heldur nein málfarsmanneskja RÚV. Hvað þá heldur nokkur alþingismanneskja. Þvert á móti. Fréttastofa RÚV ástundar í nær sérhverjum fréttatíma að birta fréttir talsettar á ensku. Engin íslenskun þar. Textavél alltaf biluð. Meira að segja í gærkvöldi, mánu dagskvöldi, birti Kastljós langt og merkilegt viðtal um mikilvægi og þýðingu öndunar. Mikilvægi þess að anda! Öllum röddum jafnt viðmælenda sem spyrils útvarpað á ensku. Bilada textavélin ævinlega biluð.

Hún lausnir

Svona má bjarga sér frá miklum vanda þar sem þjóðarkynin eru sautján en mállýskukynin bara þrjú. Má einfaldlega bjarga sér á enskunn. Eins og í veitingahúsageiranum. Á hótélunum. Hjá strætó. Hjá sjónvarpi RÚV. Hjá Facebook og mörgum öðrum samfélagsmiðlum. Í símanum. Í tölvunni. Meðal unga fólksins. Í öllum samskiptum við málfarsmanneskjur, blaðrara, fiskara og emeritus próffessora. Svona leysa menn – fyrirgefið manneskjur – vandamálin þar sem kynin eru sautján en málfarskynin bara þrjú. Þann vanda leysir enskan. Sú lausn í stöðugri sókn. Við stöðugt vaxandi vinsældir. So be it! ■

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

JARN & GLER
Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is



Guðmundur P. Guðmundsson er ekki lengur við stjórnvölinn hjá íslenska karlalandsliðinu í handbolta. Þetta varð ljóst í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Endalok Guðmundar grátleg en óhjákvæmileg



Helgi Fannar Sigurðsson
helgifannar@frettabladid.is

Handboltasérfræðingurinn Arnar Daði Arnarsson telur að Handknattleikssamband Íslands hafi séð sig knúð til að slíta samstarfi sínu við landsliðspjálfarann Guðmund P. Guðmundsson vegna þeirrar slæmu stöðu sem hann var kominn í með liðið. Hann gefur lítið fyrir þá yfirlýsingu að ákvörðunin hafi verið sameiginleg.

HANDBOLTI Á þriðjudag greindi HSÍ frá því að Guðmundur P. Guðmundsson væri ekki lengur þjálfari íslenska karlalandsliðsins. Báðir aðilar hafi komist að samkomulagi um að slíta samstarfinu.

„Ég held að þeir hafi einfaldlega verið tilneyddir til að gera þetta á þessum tímamarki. Ég hef tilfinningu fyrir því að bæði stjórn HSÍ og landsliðsnefnd hafi ekki ætlað að láta Guðmund fara eftir HM í janúar. Eftir undirbúningsvinnu held ég að þegar uppi var staðið hafi stjórn HSÍ komist að þeirri niðurstöðu að það væri ekkert annað í stöðunni en að láta Guðmund fara, eftir samtöl við leikmenn og aðra hafi þau áttað sig á því að staðan innan landsliðsins hafi verið orðin verri en þau og margir aðrir héldu.“ segir Arnar Daði Arnarsson, handboltasérfræðingur, í samtali við Fréttablaðið.

Hann telur ekki að ákvörðunin hafi verið sameiginleg. „Við þekkjum það úr íþróttunum að það er oft gefið út þegar svona á sér stað. Það var auðvitað engan veginn þannig. Guðmundur var ekki að stíga frá borði sjálfviljugur.“

Guðmundur ekki þróast

Arnar segir traust leikmanna til Guðmundar hafa dvínað mikið. „Svo segir sagan og þetta er ekki bara einhver ein saga út í bæ. Þetta hefur verið viðlödandi landsliðið lengi og nú var hún orðin ansi hávær, bæði á meðan HM stóð og svo strax eftir að varð ljóst að Ísland kæmist ekki í 8-liða úrslit. Manni finnst það alltaf vond staða fyrir þjálfara þegar klefinn er farinn að leka, landsliðsmenn farnir að heyrja í vinum, vandamönnum og jafnvel fjölmíðlamönnum til að benda



Það er hluti af því að þjálfra landslið á heims-mælikvarða að þegar þú nærð ekki árangri þá skilja leiðir.



Arnar Daði Arnarsson,
handboltasérfræðingur

þeim á veikleika í fari Guðmundar. Þetta er ekki eitthvað sem gerðist núna í janúar.“

Guðmundur tók við íslenska landsliðinu í þriðja sinn árið 2018. „Það hefur ekki myndast nógu mikið traust milli hans og leikmanna. Gengi liðsins hefur verið eftir því og þá missa leikmenn trúna á verkefnið. Eftir því sem hefur liðið á þetta samstarf hefur Guðmundur farið út á hálan ís með því að kasta leikmönnum undir rútna í stað þess að taka ábyrgð. Ef fólk horfir á viðtöl hans eftir leiki síðustu ár hefur hann ekki tekið mikla ábyrgð á slæmu gengi liðsins.“

Ísland hafnaði í sjötta sæti á EM í fyrra og þá gerði Arnar sér vonir um að Guðmundur hefði komið liðinu á rétta braut.

„Maður reyndi að trúa því að fint gengi á EM í Ungverjalandi 2022 hafi breytt einhverju en þegar maður fór að tala við menn sem hafa verið í þessu lengur en ég var mér gert ljóst að Guðmundur væri ekki að fara að breyta sér þó svo að hann hafi verið tilneyddur til að

gera það á Covid-móti í Ungverjalandi.“

Arnar gagnrýnir Guðmund fyrir að nota ekki fleiri leikmenn og bendir á leik Íslands gegn Ungverjum á HM í janúar. Sá leikur tapaðist, sem reyndist afdrifarikt.

„Þegar uppi er staðið er það þessi leikur á móti Ungverjalandi sem hefur mest áhrif á hvernig gekk í janúar. Þar segir tölfræðin að Guðmundur hafi verið að nota 9-10 leikmenn á meðan aðrir þjálfarar nota 14-16 leikmenn. Handboltinn hefur verið að breytast á síðustu árum og þeir sem hafa þorað að gagnrýna Guðmund, einn vinsælasta mann landsins, benda á þessar tölur.

Þetta er Guðmundur þórður í hnotskurn. Hann treystir á sína leikmenn. Það er ákveðin tegund af því hvernig þú þjálfar lið en þú verður að þróa þig með leiknum og það hefur Guðmundur ekki gert. Hann er iðaldssamur. Hann er enn að tala um hvað var gott 2008 og lifir svolitíð á fornri frægd.“

Leiðinlegur endir

Á fyrri tímum sínum með íslenska landsliðið náði Guðmundur markverðum árangri. Liðið landaði silfri á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008, líkt og frægt er, og um einu og hálfu ári síðar vann það til bronsverðlauna á EM.

„Tvímælalaust er leiðinlegt hvernig þetta endar. Ég hef gagnrýnt Guðmund en hef reynt að gera það með því að færa fram rök og tölur. Ég er ekki að fara í manninn og hef ekkert á móti Guðmundi. Hann er búinn að gera frábæra hluti og árangurinn talar sínu máli. En það er hluti af því að þjálfra landslið á heims-mælikvarða að þegar þú nærð ekki árangri þá skilja leiðir.

Þetta er grátlegur endir og spurning hvort Guðmundur muni einhvern tímann snúa aftur. En það er líka spurning hvort það sé ekki bara kominn tími á nýja skólann.“

Arnar hefði viljað sjá Guðmund taka ákvörðunina um að hætta á sínum forsendum. „Það er erfitt að segja svona en ég held að Guðmundur hefði átt að stíga sjálfur frá borði. En hann var náttúrulega aldrei að fara að gera það.“

Guðmundur með landsliðið

Tími: 2001-2004, 2008-2012, 2018-2023
Besti árangur: Silfur á ÓL 2008, brons á EM 2010, 4. sæti á EM 2002

Arnar segir þá sem stjórna á bak við tjöldin í landsliðinu ekki í öfundsverðu hlutverki. Ísland mætir Tékkum í tveimur leikjum í undankeppni EM á næstunni, en sá fyrri fer fram eftir tæpar tvær vikur.

„Ég hálfvorkenni HSÍ og stjórninni að vera í þessari stöðu. Það er ekki óskastaða að vera án landsliðsþjálfara þegar innan við tvær vikur eru í næsta verkefni,“ segir Arnar.

Framtíðin spennandi

Hann segir ómögulegt að spá fyrir um hver tekur við landsliðinu til frambúðar, en talið er að aðstoðarmenn Guðmundar stýri því í næstu leikjum.

„Ég hef ekki hugmynd um hver getur, vill eða hefur áhuga á að taka við þessu landsliði. Það er enginn augljós kostur.“

Snorri Steinn Guðjónsson hjá Val og Dagur Sigurðsson, sem er með japanska landsliðið, hafa verið nefndir til sögunnar.

„Það væri svolitíð stórt fyrir Snorra að fara frá þessu verkefni sem hann er að rúlla upp hjá Val. Dagur er aldrei að fara að fá sömu laun og í Japan ef hann tekur við íslenska landsliðinu,“ segir Arnar.

„Sem betur fer á Ísland ótrúlega marga færa þjálfara. En það að þjálfra íslenska landsliðið er ekki það sama og að þjálfra þýska eða danska landsliðið. Pressan er ótrúleg. Öll þjóðin er á bakinu á þér. Þú hefur ekki sömu breidd og margar aðrar þjóðir. Þetta er spennandi starf en sennilega mjög kvíðavaldandi.“

Eitt er víst. Nóg af spennandi leikmönnum mun standa næsta landsliðspjálfa til boða.

„Það hefur aldrei verið vöntun á því. Það er kannski breiddin sem við getum ekki montað okkur af. En íslenskur handbolti þarf ekki að hafa áhyggjur hvað það varðar á næstu árum,“ segir Arnar Daði Arnarsson. ■



Staðan innan landsliðsins hafi verið orðin verri en þau og margir aðrir héldu.

Arnar Daði Arnarsson,
handboltasérfræðingur



 MANNAMÁL

MANNAMÁL

FIMMTUDAGA KL. 19.00 OG AFTUR KL. 21.00

Persónulegur viðtalsþáttur þar sem áhugaverðir og jafnvel þjóðkunnir Íslendingar segja frá lífi sínu og starfi á opinskáan og hispurslausan hátt.

Stjórnandi þáttarins er Sigmundur Ernir Rúnarsson.



HRINGBRAUT

MERKISATBURÐIR

1763 Fyrstu stóru mótmæli þræla í Suður-Ameríku eiga sér stað í Guyana.

1887 Jarðskjálfti á frönsku rivierunni verður tvö þúsund manns að bana.

1889 Hið íslenska kennarafélag er stofnað.

1903 Kúba afhendir Bandaríkjunum Guantánamo Bay sem verður síðar að fangelsiseyju.


1941 Glenn T. Seaborg tekst að kljúfa plútóníum fyrstur manna.

1981 Misheppnuð valdaránstílaun á Spáni.

1985 Torfi Ólafsson setur heimsmet í réttstöðulyftu í flokki unglínga, lyftir 322,5 kílóum.

1991 Valdaránstílaun Sunthorn Kongsompong heppnast í Tælandi.

2021 Óeirðir í fangelsum viðs vegar um Ekvador skilja 62 eftir í valnum.



Katrín hefur gegnt embætti forsætisráðherra í rúm fimm ár af þeim tíu árum sem hún hefur verið formaður VG. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aldrei dauður tími í pólitík

Katrín Jakobsdóttir fagnar í dag tíu árum á formannsstól Vinstri grænna. Hún segir að það hafi gengið á ýmsu og vonast til að vera fyrirmynd fyrir ungar konur.

kristinnpall@frettabladid.is

Í dag fagnar Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna og forsætisráðherra, tíu árum á formannsstóli VG. Katrín tók við embættinu þann 23. febrúar 2013 af Steingrími J. Sigfússyni og er í dag að leiða aðra ríkisstjórn sína á þessum tíma.

„Þetta er svolítið skrítið, ég var ekki búin að átta mig á að það væru komin tíu ár. Það hljómar ægilega langt þegar þú segir það svona,“ segir Katrín glettin þegar talið berst að þessum tímamótum. „Það er alltaf eitthvað í gangi og í raun aldrei dauður tími í pólitíkinni,“ segir Katrín sem segist í sjálfu sér ekki hafa átt von á því að vera í tíu ár á formannsstól þegar hún tók við embættinu.

„Ég sagði nú á sínum tíma, þegar ég fór á þing, að ég ætlaði að vera í tvö kjörtímabil. Atta ár væru hámarkið. Það fór eitthvað úr skordum,“ segir hún kímín og heldur áfram:

„Ég sá þetta ekki endilega fyrir mér, þennan tíma eftir kosningarnar 2013, að þetta yrði niðurstaðan.“

Katrín var ein í frambóði á landsfundi Vinstri grænna árið 2013 og fékk 98 prósent atkvæða. Fram að því hafði hún gegnt starfi varaformanns flokksins í tíu ár. Í ræðu sinni sagði hún að það gæti aldrei orðið hversdagslegur viðburður í lífi manneskju að taka við formennsku í stjórn málflokki en sagðist vonast til að geta gert hreyfingunni gagn og fólkinu í landinu.

Eftir að hafa verið hluti af ríkisstjórninni áður en hún tók við formannsstölnum var VG ekki í næstu ríkisstjórn og var Katrín þá komin í stjórnarandstöðuna.



Katrín heldur hér ræðu snemma árs 2013, stuttu áður en hún var kosin formaður VG. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hún tekur undir að það hafi gengið á ýmsu þessi tíu ár þegar talið berst að þessum áratug.

„Ég byrjaði auðvitað á því að tapa kosningum, alveg stórkostlega árið 2013. Í Áramótaskaupinu var gert grín að mér sem The Biggest Loser. Þá lendum við í stjórnarandstöðu sem var mjög skemmtilegur tími í flokknum því við þurftum að byggja okkur aftur upp eftir ríkisstjórnina sem var í gildi frá 2009-13. Svo koma fleiri kosningar, Svandísi Svavarsdóttur finnst gaman að rifja upp að kvöldið fyrir önnur stjórnarslitin sagði ég að það gerðist aldrei neitt í pólitíkinni á Íslandi.“

Eftir því sem blaðamaður komst næst er Katrín fyrsta konan á Íslandi sem nær áratug á formannsstól stjórnarmála-flokks.

„Það er líklegast rétt hjá þér. Á sama



Vonandi get ég orðið einhverjum innblástur og það verði fleiri konur sem taki þátt í pólitík.

Katrín Jakobsdóttir

tíma er maður er að horfa á tvær starfs-systur hverfa á braut, fyrst Jacindu Ardern í Nýja-Sjálandi og svo Nicolu Sturgeon í Skotlandi. Almennt hefur kenningin verið sú að konur fái styttri líftíma í þessum bransa. Það hefur verið mér lærdómur í þessu embætti, stundum líður manni erlendis eins og framandi tegund því við erum svona fáar. Það er með ólíkindum hvað þetta þokast hægt, við erum enn þá fjarri því að ná markmiðum um jafnrétti kynjanna í heim-inum.“

Katrín tekur undir að hún geti reynst fyrirmynd í þeim málum.

„Vonandi get ég orðið einhverjum innblástur og það verði fleiri konur sem taki þátt í pólitík. Við höfum verið dugleg á Íslandi að fá konur til að taka þátt en konur virðast hafa skemmri líftíma. Það hefur verið mikil endurnýjun á þinginu á þessum tíma, nokkrar kosningar, mikil endurnýjun á hverju ári, sem er líka umhugsunarefni hjá okkur,“ segir Katrín sem gerir ekki ráð fyrir að fagna tímamótunum sérstaklega.

„Ef það verður eitthvað, þá verður það lágstemmt,“ segir forsætisráðherra aðspurð hvort að hún myndi fagna þessum tímamótum. ■



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir okkar og mágur,
Ármann Einarsson
Básahrauni 44, Þorlákshöfn,

lést föstudaginn 10. febrúar á gjörgæsludeild Landspítalans.

Útför hans fer fram laugardaginn 25. febrúar kl. 13.30 í Þorlákskirkju. Útförinni verður streymt á <http://promynd.is/armanneinars> og einnig má nálgast hlekk á streymi á mbl.is/andlat

Linda Ósk Jónsdóttir

Unnur Rós Ármannsdóttir

Guðmundur J. Ármannsson Magnea Ásta Magnúsdóttir

Jón Þór Eyjólfsson

Einar Friðrik Sigurðsson

Eydis Einarisdóttir

Sóley Einarisdóttir

Helga Jónsdóttir

Jörgen Jörgensen

Guðbjartur Örn Einarsson

og frændsystkin



Móðir okkar, amma og langamma,
Magnea Rósa Tómasdóttir
lyfjafræðingur,
Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

lést á Minni-Grund í Reykjavík sunnudaginn 5. febrúar. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 13.00.

Sigríður Erla Gunnarsdóttir

Áslaug María Gunnarsdóttir

Darri Gunnarsson

Ívar Karl, Ægir Sindri, Óðinn Dagur, Iða Brá, Harpa Lind,

Gunnar Dagur, Rósa Líf, Hilda Sól, Gottskálf Darri

og fjölskyldur



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sólveig Jónsdóttir

Digranesvegi 75,

verður jarðsungin í Kópavogskirkju á morgun, föstudaginn 24. febrúar, kl. 15.00.

Jóna Pálsdóttir

Gunnar Steinn Pálsson

Þórunn Ingibjörg Pálsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn

Garðar Gislason

Lilja Magnúsdóttir

Hafþór Kristjánsson

barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Guðmunda Matthildur Oddsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Skjöldi í Reykjavík,

lést þriðjudaginn 21. febrúar síðastliðinn.

Helga G. Þorvaldsdóttir Jóhann Aðalsteinsson
Rúna Jóhannsdóttir

Héðinn Þorvaldsson
Hildur E. Þorvaldsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigríður Bergsteinsdóttir
geislafræðingur,

lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 14. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Bergsteinn Einarsson
Örn Einarsson

Sigrún Helga Einarisdóttir

Hafdis Kristjánsdóttir

Steinunn Fjöla Sigurðardóttir

Sverrir Einarsson

barnabörn og barnabarnabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust og faglegt fjölskyldufyrirtæki í 30 ár.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu.

Við höfum áratuga reynslu við að annast alla þætti útfararþjónustu.

Hægt er að hafa samband allan sólarhringinn alla daga ársins.

Hljá, auðmýkt og virðing er okkar leiðarljós. Við tökum tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Okkar markmið er að veita framúrskarandi og persónulega þjónustu á sanngjörnu verði.

Nánar um okkur:
Sími: 567-9110
Netfang: utfarir@utfarir.is



SJÓNVA PSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 **Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstakling um líf þeirra og störf.
- 19.30 **Suðurnesja-magasín** **Vikurfrétt** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 **Frísk eftir fimmtugt** Þáttur um heilsu og heilbrigði í umsjón Björns Þorlákssonar.
- 20.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá. (e)
- 21.00 **Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.

RÚV SJÓNVARP

- 10.50 **HM í skídagöngu**
- 12.30 **Fréttir með táknmalstúlkun**
- 12.55 **Kastljós**
- 13.20 **HM í skídagöngu**
- 15.00 **Útsvar 2017-2018**
- 16.25 **Hvunnagshetjur**
- 17.00 **Sagan frá öðru sjónarhorni**
- 17.15 **Landinn**
- 17.45 **Fisk í dag**
- 17.55 **Tónatal - brot**
- 18.00 **KrakkaRÚV**
- 18.01 **Bakað í myrkri**
- 18.30 **Undraverðar vélar** Grace Webb sýnir okkur allskonar töff faratæki. Mótörhjól, kappakstursbíl, strætisvagna, flugvélar, báta og allt þar á milli.
- 18.43 **KrakkaRÚV - Tónlist**
- 18.45 **Krakkafréttir**
- 18.50 **Lag dagsins**
- 19.00 **Fréttir**
- 19.25 **Veður**
- 19.30 **Ísland - Spánn** Bein útsending frá leik Íslands og Spánar í undankeppni HM karla í körfubolta.
- 22.00 **Tiufréttir**
- 22.15 **Veður**
- 22.20 **Ljós móðirin** Niunda þáttaröð breska myndaflokksins Ljós móðurinnar, sem er byggður á sannsögulegum heimildum, um ljósmæður og skjólstaðinga þeirra í fátækrahverfi í austurborg London á sjöunda áratugnum. Meðal leikenda eru Vanessa Redgrave, Laura Main, Jenny Agutter og Stephen McGann.
- 23.15 **Lögregluvaktin**
- 23.55 **Dagskrárlök**

SJÓNVARP SÍMANS

- 12.00 **Dr. Phil**
 - 12.41 **The Late Late Show with James Corden**
 - 13.21 **The Block**
 - 14.56 **Love Island**
 - 16.21 **The Bachelor**
 - 16.55 **Survivor**
 - 17.40 **Dr. Phil**
 - 18.25 **The Late Late Show with James Corden**
 - 19.10 **The Moodys**
 - 19.40 **Ghosts** Bandarísk gamanþáttasería um ungt par sem erfir fallett sveitasetur. Þau komast hins vegar fljótlega að því að þau eru ekki einu íbúarnir.
 - 20.10 **Læknirinn í eldhúsinu**
 - 20.40 **Að heiman - íslenskir arkitektar** Við förum að heiman, út um allan heim og heim-sækjum íslenska arkitekta sem hafa getið sér gott orð fyrir framúrskarandi hönnun og húsagerðarlist.
 - 21.10 **9-1-1**
 - 22.00 **Love Island**
 - 22.45 **American Gigolo**
 - 23.40 **The Late Late Show with James Corden**
 - 00.25 **NCIS**
 - 01.10 **NCIS. New Orleans**
 - 01.55 **The Handmaid's Tale**
 - 02.45 **Love Island**
- STÖÐ 2**
- 08.00 **Heimsókn**
 - 08.20 **Grand Designs. Sweden**
 - 09.05 **Bold and the Beautiful**
 - 09.25 **Best Room Wins**
 - 10.10 **FC Ísland**
 - 10.40 **BBQ kóngurinn**
 - 11.00 **Family Law**
 - 11.45 **Franklin & Bash**
 - 12.25 **10 Years Younger in 10 Days**
 - 13.10 **Skreytum hús**
 - 13.25 **Rax Augnablik**
 - 13.40 **Heimsókn**
 - 13.55 **The Goldbergs**
 - 14.15 **The Heart Guy**
 - 15.10 **Grand Designs**
 - 15.55 **The Masked Singer**
 - 17.00 **Home Economics S**
 - 17.20 **Franklin & Bash**
 - 18.00 **Bold and the Beautiful**
 - 18.25 **Veður**
 - 18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
 - 18.50 **Sportpakinn**
 - 18.55 **Ísland í dag**
 - 19.20 **Samstarf**
 - 19.40 **Love Triangle**
 - 20.35 **Vampire Academy**
 - 21.25 **NCIS**
 - 22.15 **The Lazarus Project**
 - 22.55 **The Undeclared War**
 - 23.55 **Screw**
 - 00.45 **A Friend of the Family**
 - 01.35 **Succession**
 - 02.30 **Magnum P.I.**
 - 03.15 **Family Law**

Ótrúlegar ferðir tjaldsins suður með sjó

Suðurnesjamagasín verður fjölbreytt að vanda á dagskrá Hringbrautar í kvöld. Rætt er við formann Félags kvenna í atvinnulífina á Suðurnesjum og tónlistarsystkin úr Grindavík. Einnig er laumast inn í nýja revíu Leikfélags Keflavíkur og loks rætt við fuglafræðing í Sandgerði sem segir frá ótrúlegum ferðum tjaldsins. Umsjón þáttarins er að vanda í höndum Páls Ketilssonar. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 nettvaxin
- 5 efnislítill
- 6 möndull
- 8 ríki í afríku
- 10 tónn
- 11 rökkuur
- 12 dýrka
- 13 högg
- 15 upphaf
- 17 glepja

LÓÐRÉTT

- 1 kanna
- 2 rannsaka
- 3 pirruð
- 4 ögn
- 7 samhliða
- 9 frjáls
- 12 rola
- 14 málmur
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 grónn, 5 ryg, 6 ás, 8 angóla, 10 fa, 11 hlm, 12 dást, 13 stuð, 15 tilurð, 17 narra. LÓÐRÉTT: 1 grefast, 2 ryna, 3 örg, 4 nálús, 7 sam-tíða, 9 óháður, 12 dúla, 14 tln, 16 rr.

SUDOKU

		8		5				7
	1	6	4		7			5
		7	8					
		9				7		
4	3	9	6	1				
1				7		9	6	
9				2	5	8		4
				8	3		2	
8	6			4		1	3	

						7	2	4
4		6			3		5	
				5				
	5	8	2					6
	4		6					
2				4				
							6	
	2	1	7				9	8
6		9	5	8				7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tví-taka neina tölu í röðinni.

PONDUS

FRÓDE ØVERLI



FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



Kunnuglegir en dularfullir gripir



Þorvaldur S.
Helgason
tsh
@frettabladid.is

Logi Leó Gunnarsson sýnir handboða frá gatnamótum í listrænu samhengi á fyrstu einkasýningu sinni í Listasafni Reykjavíkur.

Listamaðurinn Logi Leó Gunnarsson setur hversdagslega hluti úr borgarlandslaginu í nýtt samhengi á sýningunni Allt til þessa höfum við ekki skilið það dularmál sem berst frá þessum hljóðgjöfum sem stendur nú yfir í D-sal Hafnarhússins í Listasafni Reykjavíkur.

„Þeir hjá borginni kalla þetta handboða, ég er ekki alveg viss með það orð, þetta er einhvers konar nýyrði og ég hef ekki getað fundið það í neinum uppfléttingum. Mér finnst líka gott að kalla þá bara dimsa eða boða,“ segir Logi.

Á sýningunni hefur Logi fyllt D-sal Hafnarhússins af stýrikössum sem standa við fjölmörg gatnamót hér á landi og gefa til kynna hvort óhætt sé að ganga yfir viðkomandi götu eða ekki.

Af hverju ákvaðst þú að vinna með þessi tæki?

„Ég á það til að heillast af hljóðgjöfum, fundnum eða hversdagslegum hlutum sem gefa frá sér hljóð. Ég verð hrifinn af þeirri einhæfni sem þeir virðast búa yfir og það vekur hjá mér forvitni til þess að kanna möguleikann hvort það sé eitthvað meira á bak við.“

Fylgja tækniframþróun

Boðarnir á sýningunni gefa frá sér hljóð svo stundum má heyra eins konar kór af handboðum óma um D-sal Hafnarhússins. Logi kveðst þó ekki hafa breytt neinum stillingum í tækjunum.

„Það sem heillaði mig við þessa gripi er að ég hugsaði að það væri þessi eina fúnksjón sem þeir hafa sem ég varð svo náttúrlega fyrir vonbrigðum með af því þegar ég fór að skoða þá, þá fylgja þeir bara tækniframþróuninni og eru orðnir mjög tæknilegir. Það er í raun fjöldi hljóða sem eru í boði en ég valdi að hafa þá stillingu sem er algengust þar sem þeir eru í vanalegru notkun. Sýningin er að mestu leyti á rauðu ljósi þar sem rölegri taktur slær, svo eru nokkrar mismunandi leiðir sem þeir geta farið eftir og fylgt sem eru að mestu tilviljanakenndar,“ segir hann.

Eru boðarnir í samtali sín á milli?

„Já, ég myndi segja það. Þó að það sé mismunandi eftir því hvort maður kalli það tilbrigði eða stef, það er alltaf einhver leið sem þeir eru að fara eftir en sú leið er alltaf tilviljanakennd. Eins og þetta sem er í gangi núna þar sem einn ræsir



Á eina hlið handboðanna er Logi búinn að þrívíddarprenta nýjar leiðbeiningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

sig og slær í sjö sekúndur þangað til sá næsti tekur við, sú leið er aldrei sú sama.“

Algjörlega sjálfvirkir

Þrátt fyrir að handboðar eins og þeir sem Logi sýnir í D-salnum séu fremur einföld tæki er fólk ekki alltaf með það á hreinu hvernig skuli nota þau eins og komið hefur glögg í ljós hjá sýningargestum.

„Það er svo áhugavert af því þetta eru kunnuglegir gripir og fólk svona almennt hefur einhverja ákveðna fyrir fram gefna hugmynd um virkni þeirra. Sumir koma hérna inn



Það sem heillaði mig var þessi einhæfa virkni en svo þegar maður fer að skoða það þá er þetta ekki svo einfalt.

einmitt svo áhugavert fyrir svona algengan grip, að það sé ekki meiri almenn þekking á þeim.“

Logi bætir við að hann hafi heillast af margræðni þessara einföldu tækja.

„Það sem heillaði mig var þessi einhæfa virkni en svo þegar maður fer að skoða það þá er þetta ekki svo einfalt,“ segir hann.

Sjónræn túlkun

Þrátt fyrir að Logi hafi ekki átt við tæknilegu hlið handboðanna hefur hann betrubætt þá að litlu leyti til að laga þá að sýningunni. Á einni hlið boðans hefur hann þrívíddarprentað nýjar leiðbeiningar í stað þeirra sem má vanalega finna.

„Vanalega eru leiðbeiningar um hvernig gatnamótin liggja, þar sem þú getur séð hvar þú byrjar, úr hvaða átt umferðin kemur, hvort það sé umferðaeyja, hjóla- eða bíla-umferð. Hér er ég í raun búinn að búa til kort yfir það hvernig handboðarnir liggja í rýminu. Þú sérð hérna að sá fyrsti er við innganginn, svo kemurðu hérna að þessum hallandi eða skáskotna vegg, þessi er á milli glugganna, svo kemur súlan og svo langi veggurinn við hliðina á okkur,“ segir Logi og vísar til boðanna í rýminu.

„Svo ofan á, þar sem er vanalega ör sem vísar veginn, hef ég sett svona litla hljóðlaug sem vísar í hljóðið sem boðarnir gefa frá sér, svona sjónræn túlkun.“ ■

Logi Leó segir handboðana virðast einhæfa við fyrstu sýn en þeir séu í raun margræð tæki.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

FIMMTU — DAGURINN ! LANGI

MYNDLIST Í MIÐBORGinni !

SÍÐASTA FIMMTUDAG Í MÁNUÐI BJÓÐA SÖFN OG SÝNINGARSTAÐIR Í MIÐBORGinni UPP Á LENGÐAN OPNUNARTÍMA.

UPPLAGT TÆKIFÆRI TIL AÐ BREGÐA SÉR AF BÆ OG NJÓTA MYNDLISTAR.

FJÖLBREYTTAR SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR!

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM OPNUNARTÍMA OG DAGSKRÁ Á

WWW.FIMMTUDAGURINNLANGI.IS

Reykjavík



Byrjað í Glaumbæ og endað á Bankastræti Club

Dóra Takefusa, Andri Freyr Viðarsson og Kristófer Dignus ætla að í heimildabáttunum Tjútt að djamma gegnum sögu skemmtistaða og næturlífs Reykjavíkur síðustu 50 ár. Þau biðja almenna tjúttara um að leggja þeim lið með myndum og myndböndum frá sínum bestu árum á galeiðunni.

toti@frettabladid.is

„Við byrjum á Glaumbæ og endum á Bankastræti Club í seríunni sem fjallar um sögu skemmtistaða og næturlífs í Reykjavík síðustu 50 árin,“ segir leikstjórinn Kristófer Dignus um þættina Tjútt sem hann er að gera fyrir RÚV ásamt Dóru Takefusa og Andra Frey Viðarssyni.

„Við erum búin að taka urmul af viðtölum við allskonar fólk sem tengist viðfangsefninu og erum núna að safna myndefni og það sem okkur vantar aðallega er myndefni úr einkasöfnum djammara síðustu hálfu öldina. Mesta vinnan núna er að finna ljósmyndir og myndbönd sem hafa hugsanlega verið tekin inni á þessum stöðum,“ segir Andri Freyr. „Ég meina RÚV fór aldrei inn á skemmtistaðina, þannig séð. Það stóð bara stöð einhver fyrir utan og benti á eitthvert hús. Þannig að núna þurfum við að komast svólitíð í einkasöfnin hjá fólki sem á eitthvert efni.“

Dóra bendir á að vissulega hafi símar með myndavélum ekki verið á lofti hér áður fyrr. „En auðvitað var fólk duglegt að taka myndir og allir eiga skemmtileg albúm einhvers staðar heima hjá sér. Þannig að ef fólk lumar á einhverjum skemmtilegum myndum hvetjum við þau endilega til að senda okkur. Það væri mjög vel þegið.“

Áhugaverð ormagryfja

„Þetta er hugmynd sem ég fékk fyrir einhverjum árum síðan þegar Freyr Eyjólfsson var búinn að segja mér svo margar sögur af Sigtúni og var eitthvað að hvetja mig til að gera podcastbátt um þann skemmtistað. Það væri svo góð hugmynd,“ segir Andri Freyr. „Og þá bara opnaðist

Dóra segir viðfangsefni Tjútt sérstaklega skemmtilegt og eitthvað sem snerti alla.



Andri var leiddur í Sigtún, þá minninganna höll og ormagryfja gleðinnar opnaðist.

einhver ormagryfja í hausnum á mér um að sennilega væri sniðugra að gera sjónvarpsþætti um fleiri staði.“

Þegar Andri Freyr og Kristófer Dignus ræddu hugmyndina betur varð niðurstaðan að horfa til síðustu hálfar aldar. „Það er náttúrulega ekki hægt að taka alla staði sem hafa verið á Íslandi og hvað þá alla staði sem hafa skipt máli í sögu íslenskra skemmtistaða þannig að við ákváðum bara að taka síðustu 50 ár.“

„Þetta er náttúrulega líka bara svo skemmtilegt viðfangsefni,“ segir Dóra. „Og eitthvað sem höfðar til allra því öll höfum við nú einhvern tímann í gegnum tíðina leyft okkur að fara aðeins á skrállíð. Það skiptir því í rauninni ekki máli á hvaða aldri þú ert. Þú ert alltaf með einhverjar skemmtilegar minningar eða tengingar við einhverja ákveðna staði eða tímabil og þá í leiðinni fólk, stemningu, tónlist og tisku.“

Nóttin eilifa

Dóra telur því ljóst að upplegg þeirra í þáttunum sé þannig að öll ættu að geta gaman af. „Þótt það sé ekki endilega verið að fjalla um þitt tímabil þá er samt gaman að forvitnast um hvernig djammíð var. Og fyrir þá sem eru hættir að tjútta, er gaman að sjá hvernig stemningin er í dag,“ segir Dóra.

„Aðeins að kafa dýpra í þetta,“ bætir Andri Freyr við. „Það er líka



Andri Freyr átti sitt blómaskeið milli 1999 og 2008 þegar hann hélt til á Sirkus. „Ég var svona Sirkusrotta, mjög sælla minninga. Átti svona beisikklí bara heima þar.“

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Skemmtistaðir birtast og hverfa jafnóðum á meðan nýjar kynslóðir leysa reglulega lúna ellismelli af hólmi í biðröðinni endalasu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Það sem okkur vantar aðallega er myndefni úr einkasöfnum djammara síðustu hálfu öldina.



Kristófer Dignus

svo margt í þessu sem hangir saman. Eins og bara í dag þegar þetta eru allt sömu einstaklingarnir sem eru að opna einhverja staði.“

Þróunin er vissulega ör og stundum svo hröð að maður hefur stundum nánast lent í því að drekka sig í óminni inni á stað sem er búinn að skipta um nafn og stemningu þegar maður rankar við sér.

„Já, akkúrat. Ég meina, taktu bara húsíð sem Gaukurinn er í. Það á bara einhvers konar met yfir hvað það eru búnir að vera margir skemmtistaðir í sömu byggingunni og mikið af nöfnum. Alltaf verið að breyta þessu,“ segir Andri Freyr og Dóra heldur áfram.

„Þau eru mörg húsín sem hafa átt mörg líf en staðirnir mismunandi hverju sinni. Þannig að þetta er oft sama húsnaðið og það kemur bara nýr staður, nýtt fólk, nýtt nafn, ný stemning og svo framvegis. Síðan eru líka fullt af stöðum sem voru gífurlega vinsælir í kannski hálf til eitt

ár og svo bara stemningin dauð eða þeim lokað.“

Einstaklega gaman

Tjúttþríeykið er síður en svo ókunnugt þótt þau vinni nú saman í fyrsta skipti. „Við Andri Freyr höfum þekkt lengi. Hann vann til dæmis hjá mér á Jolene Bar í Danmörku sem glasabarn og var með föst DJ kvöld sem Sir Honky Tonk. Við Kristófer unnum saman á Skjá einum og þeir tveir hafa brallað mikið sama í þáttagerð. Ég held að Dignusi hafi bara fundist við Andri ágæt í þetta saman,“ segir Dóra.

„Ég er líka með þessa tengingu vegna þess að eftir að ég hætti í sjónvarpinu fór ég sjálf í barbransann í nokkur ár. Ég hef auðvitað ekki verið í sjónvarpi í tuttugu ár!“ heldur Dóra áfram og hlær. „Þannig að, why not?“

Stemning og fólk í stuði

Andri Freyr reiknar með að Tjúttíð, sem Glassriver framleiðir, verði tilbúið með haustinu. „Tökum er í raun lokið þannig að núna þarf að velja réttu tónlistina fyrir réttu staðina sem er einstaklega gaman.“

Þetta er held ég áttunda serían sem við Dignus gerum saman og ég hef alltaf fengið að velja músíkina en þetta er öðruvísi núna þegar maður er ekki bara að velja einhverja stemningu og þarf að vera með rétta tónlist fyrir rétta staði og rétt tímabil,“ segir Andri Freyr og lætur tölvupóstfangið tjútt@glassriver.is fljóta með. „Það er meilið og við erum að vonast til þess að fólk verði duglegt og stolt að sýna myndir af sjálfu sér inni á skemmtistöðum og senda okkur efni þangað. Okkur vantar bara stemningu og fólk í góðu stuði.“ ■

Maurinn og Vespan mæta loksins alvöru andstæðingi

KVIKMYNDIR

Ant-Man and the Wasp: Quantumania

Leikstjórinn: Peyton Reed
Aðalhlutverk: Paul Rudd, Evangeline Lilly, Jonathan Majors, Kathryn Newton, Michael Douglas, Michelle Pfeiffer

Oddur Evar Gunnarsson

Nýjasta myndin um mauramanninn og vespuna er þriðja Marvel-myndin í röð sem svikur Marvel-nórda um boðaða stórvíðburði tengdum fjölvíddarheiminum svokallaða (e. multiverse) sem varð merkingarmiðja ofurhetjuheimsins við endalok Thanosar, Iron Man og Captain America. Hinar myndirnar eru Doctor Strange and the Multiverse of Madness og Thor: Love and Thunder.

Án þess að gefa nokkuð upp um söguþráðinn er sanngjarnt að geta

þess að slíkar væntingar hvíla nokkuð þungt á myndunum og hætt við að hörðustu Marvel-nördarnir geti orðið fyrir vonbrigðum. Myndin er hins vegar finasta skemmtun, sérstaklega ef fólk hefur tök á því að pása heilasellunurnar og njóta rússíbanans um skammtaveröldina sem myndin hverfist um.

Að þessu sinni lenda þau Paul Rudd og Evangeline Lily í hlutverkum mauramannsins Scott Lang og vespunnar Hope van Dyne fyrir slysi í smæstu veröld í heimi, skammtaveröldinni. Táningsdóttir þeirra Cassie (Kathryn Newton) fylgir með ásamt Michael Douglas og Michelle Pfeiffer í hlutverkum Hank Pym og Janet. Hinn illi Kang, í meðförum Jonathan Majors, verður fljótlega á vegi þeirra og er, eins og Marvel-nórda vita, arftaki Thanosar sem mesta illmenni Marvelheimsins.

Þannig er ljóst að nú fær mauramaðurinn loksins alvöru verkefni



Evangeline Lily og Paul Rudd fá loksins verðugan andstæðing.

í sinni eigin mynd. Lítið er hægt að setja út á leikarana sem skila sínu með þryði, þó án einhverra sérstakra leiksgra.

Ekki er þó við leikarana að sakast, heldur miklu frekar handritið sem er helsti veikleiki hennar. Framvindan er oft vélræn og kemur niður á per-

sónusköpuninni. Eitthvað sem hingað til hefur ekki verið stór vandi hjá í Marvel. Erfitt er að taka ákvarðanir persóna trúanlegar auk þess sem handritshöfundar reida sig um of á tilviljanir til þess að leysa málin.

Hætt er við því að hörðustu Marvel-nórda verði fyrir vonbrigðum

með myndina sem er sú fyrsta á stigi 5 (e. phase 5) í Marvel-heiminum. Jonathan Major skilar sínu sem Kang en er um leið viss vorkunn að fara með hlutverk drottmarans, þar sem hann verður óhjákvæmilega borinn saman við Josh Brolin í hlutverki Thanosar.

Aðrir en hörðustu nórda munu hins vegar að öllum líkindum ekki verða fyrir vonbrigðum því myndin er flott og mikið sjónarspil, svo mikið raunar að minnir gjarnan miklu frekar á Star Wars-mynd heldur en Marvel-mynd. Það verður ekki tekið af Marvel að þeir reyna í það minnsta eitthvað nýtt og því skal alltaf bera virðingu fyrir. ■

NIÐURSTAÐA: Skringileg söguframvinda og slæg persónusköpun í mynd sem hörðustu Marvel-nórda munu þirra sig á, á meðan aðrir verða ekki sviknir af skemmtilegri mynd á stóra skjánum.

PAUL
RUDD

EVANGELINE
LILLY

JONATHAN
MAJORS

KATHRYN
NEWTON

BILL
MURRAY

WITH
MICHELLE
PFEIFFER

AND
MICHAEL
DOUGLAS



MARVEL STUDIOS

ANT-MAN AND THE WASP

QUANTUMANIA

WITNESS THE BEGINNING OF A NEW DYNASTY

KOMIN Í BÍÓ

Hvað er að fréttar?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is.

Innlendar og erlendar fréttir,

léttar fréttir, íþróttarfréttir,

viðskiptafréttir, skoðanapistla,

spottið og auðvitað blað

dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann



frettabladid.is

Svarta rósin blómstraði í leiðindum ungs höfundar

The Witcher tendraði neistann sem varð að fantasíunni The Black Rose sem Jóhannes Nordal Eggertsson hefur fengið útgefna hjá bresku forlagi. Tvítugur rithöfundurinn hyggur á frekari skrif um gotneska heima með sjálfa Lovecraft og Poe að leiðarljósi.

toti@frettabladid.is

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég safnaði saman hugrekki til að gera skrif mín opinber,“ segir Jóhannes Nordal Eggertsson um skáldsögu sína, The Black Rose, sem er komin út hjá forlaginu Olympia Publishers í London.

Hann var búinn að láta The Black Rose gerjast aðeins í huga sér áður en heimsfaraldurinn gaf honum tíma og svigrúm til þess að skrifa bókina.

Blómstrað í leiðindum

„Mér bara leiddist svo mikið að ég bara ákvað að byrja að skrifa eitthvað þegar ég gat sinnt þessu á hverjum degi í að minnsta kosti þrjá klukkutíma,“ segir Jóhannes sem var sautján ára þegar hann byrjaði á bókinni.

„Og á þremur mánuðum var ég bara kominn með fyrstu útgáfuna,“ segir rithöfundurinn ungi sem rétt tvítugur hefur fengið þessa frumraun sína útgefna erlendis.

Þetta er síður en svo sjálfgefið. Hvernig kom þetta til?

„Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá bara gúglaði ég eitthvert forlag í London, sendi handritið þangað og fékk svar mánuði seinna,“ segir Jóhannes sem hefur verið að reyna að koma The Black Rose á markað hér heima og þá helst horft til Nexus.

„Ég er að vonast til þess að geta komið henni í Nexus en það er búin að vera erfitt. Þetta er svolítið erfður bissan og allt þarf að fara í gegnum útgefandann úti.“

Óneitanlega nörd

Jóhannes segist þegar vera búinn að selja öll höfundareintökin sem hann fékk hér heima og vísar áhuga-




Jóhannes kann vel við sig í gotneskum heimum kosmísks hryllings og mun líklega skrifa meira þaðan í framtíðinni sem er björt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ég get ekki alveg neitað því að ég sé nörd.

Jóhannes Nordal



sömum enn sem komið er á internetið.

Þú ert búinn að skrifa fantasíu og finnst hún eiga heima í nördabúðinni Nexus. Er þetta nördabók?

„Ég er búinn að vera mikið í Dungeons&Dragons þannig að ég get ekki alveg neitað því að ég sé nörd,“ segir Jóhannes sem fann einmitt neistann á nördaslóðum.

„Ég var að lesa fyrstu Witcher-bókina hans Andrzej Sapkowski og fannst þessi heimur sem blandar saman skepnum og þjóðsögum

skemmtilegur og mig langaði að fara með eitthvað þessu líkt inn í gotneskan heim. Ég fékk svo mikinn innblástur af því að lesa þessa bók og það var eiginlega hún sem kom mér í gang.

Kosmískur hrollur

Til þess að geta gefið meira út þarf maður að skrifa meira og þetta tekur bara sinn tíma, það er einhvers konar ferðalag að komast að því hvað maður vill skrifa um og ég hef komist að því í gegnum bækurnar sem ég hef lesið að mér finnst eiginlega skemmtilegast að skapa heim handan okkar og sem lýtur öðrum lögmálum sem hægt er að lýsa á ákveðinn hátt,“ segir Jóhannes. Hann tengi þetta helst við kosmískan hrylling og horfir ekki til neinna smáþámana í þeim efnum. „Ég er mest í „cosmic horror“, H.P. Lovecraft og Edgar Allan Poe. Það er hægt að læra svo mikið af þeim og þá sérstaklega Lovecraft sem bjó til einhverjar óþægilegustu sögur í heimi.“ ■

Stærsti humar landsins til leigu

odduraevar@frettabladid.is

Veitingahús á einum fallegasta stað landsins sem ber nafn með rentu, Hafid bláa hafid við ósa Ölfusár, stendur til boða í leigu og tilbúi til rekstrar. Hólmar Björn Sigþórsson fasteignasali segir um að ræða frábært tækifæri fyrir áhugasama á gullfallejum stað.

„Staðurinn tekur 100 manns í sæti og þarna er ægífagurt útsýni til sjávar og sveita,“ segir Hólmar en í vesturenda salarins er bar og gönguhurð út á útiverönd sem snýr að sjónum. Hólmar segir að í hverju einasta sæti sé útsýni yfir sjóinn og magnað fuglalíf í fjörunni.

Ekki er nóg með það heldur er stærsta humar landsins að finna við veitingastaðinn en um er að ræða listaverkið Humar við hafid, sem er 6 metra langur humar eftir Kjartan B. Sigurðsson, enda skipti veiðar á humri miklu máli fyrir nágrennaþorpin Þorlákshöfn og Eyrarbakka. ■



Áhugasamir geta leigt reksturinn við ósa Ölfusár. Humar fylgir með.



Hafid tekur 100 manns í sæti.

MYNDIR/HELGAPELL



Þarna er ægífagurt útsýni til sjávar og sveita.

Hólmar Björn Sigþórsson

INSPIRED BY TRUE EVENTS



COCAINE

BEAR

FRUMSÝND 24. FEBRÚAR

LAUGARÁS  **BÍÓ**
BARA LÚXUS

ÁLFABAKKI
SAMBÍÓIN

SMÁRA  **BÍÓ**

BAKÞANKAR

Ebbu Guðnýjar
Guðmundsdóttur



Hugvekja

Maðurinn minn sagði mér að pistlarnir mínir væru orðnir væmnir. Ég sagði honum að það sé af því ég er orðin miðaldra og því fylgir hormónaójafnvægi og mikil væmni. Hann jákkaði því. Sagði að ég væri samt ljómandi fin. Hér kemur því væmin hugvekja um matarvenjur.

Ég tel það göfugt starf og mikilvægt að venja börn frá fyrstu tíð á hollan og næringarríkan mat. Góðar venjur fylgja þeim út lífið (og slæmar). Næringarríkur, heima-gerður matur gefur okkur (vonandi) betri heilsu, andlega og líkamlega. Þetta verður samt aldrei fullkomið og börn þurfa líka að læra að það er í finu lagi að borða stundum óholtt.

Við þolum það vel. En það sem við gerum dagsdaglega heima skiptir sköpum; hvað er keypt, hvað er í boði, hvort það sé sameiginlegur matur á kvöldin og svo framvegis. Það er bæði ódýrara og hollara að elda mat heima (í flestum tilvikum) og umhverfisvænna. Stundum held ég (án útreikninga eða annarra sannana) að það geti næstum borgað sig að annar aðili á heimili vinni ögn styttri vinnudag og sjái í staðinn um matarmálin. Sem gengur auðvitað ekki alltaf upp. En það er dýrt að láta mat fara til spillis og dýrt að kaupa tilbúinn mat.

Kvöldmatur þarf ekki að vera merkilegur. Í rauninni er mjög heppilegt að borða einfalt í hverri máltíð. Fjölbreytnin kemur yfir vikuna. Einfaldur matur fer vel í maga og er minna mál að útbúa. Sameiginlegur kvöldmatur er líka æfing í félagsfærni. Börnum finnst notalegt þegar einhver er að hlusta á þau, sýnir þeim áhuga og hlær að bröndurunum þeirra og segir þeim að þau séu svo skemmtileg, góð og snjöll. Að nota falleg orð til barna, sem maður innilega meinar, fer í hjörtu þeirra og lifir með þeim alla ævi. ■

Fyrir fólk í leit af
nýjum tækifærum



Skannaðu mig



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FINNUM NÝTT ELDHÚSTÆKI SAMAN

Mikið úrval blöndunartækja fyrir eldhúsið

Birt með fyrirvara um prentvillur og/öðr myndabrengl.



Eldhústæki með
útdraganlegum úðara
VNR: 15330270

NÚNA -35%
33.927
52.195



Eldhústæki með
útdraganlegum úðara
VNR: 15332321

NÚNA -35%
44.587
68.595